

ÁKÆRA

Saksóknari við embætti sérstaks saksóknara samkvæmt lögum nr. 135/2008
gjörir kunnugt:

Að höfða ber sakamál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur

Karli Emil Wernerssyni, kt. 241062-3769, Engihlíð 9, Reykjavík,
Steingrími Wernerssyni, kt. 010466-4239, Bretlandi,
Guðmundi Ólasyni, kt. 030472-4039, Asparhvarfi 20, Kópavogi,
Hrafnhildi Fanngeirsdóttur, kt. 280477-3549, Grænuhlíð 9, Reykjavík,
Margréti Guðjónsdóttur, kt. 130558-5859, Víkurströnd 7, Seltjarnarnesi og
Sigurþóri Charles Guðmundssyni, kt. 221155-5219, Þorláksgæisla 108, Reykjavík,

fyrir eftirtalin brot gegn almennum hegningarlögum, lögum um bókhald, lögum um
ársreikninga og lögum um endurskoðendur.

I

Á hendur ákærðu Guðmundi, forstjóra einkahlutafélagsins Milestone ehf., kt. 640388-1109, Suðurlandsbraut 12, Reykjavík, Karli, starfandi stjórnarformanni Milestone ehf. og Steingrími, stjórnarmanni í Milestone ehf., fyrir umboðssvik, með því að hafa í sameiningu í fyrrgreindum störfum sínum misnotað aðstöðu sína og valdið Milestone ehf. verulegri fjártjónshættu er þeir létu Milestone ehf. fjármagna efndir á samningum sem voru félaginu óviðkomandi en sem ákærðu Karl og Steingrímur höfðu gert við Ingunni Gyðu Wernersdóttur í árslok 2005 um sölu hennar á hlutafé í Milestone ehf. og aflandsfélögunum Leiftra Ltd. og Milestone Import Export Ltd., með þeim hætti að Milestone ehf. greiddi Ingunni samtals 2.133.326.804 krónur á árinu 2006 með 12 mánaðarlegum greiðslum og samtals 2.462.395.055 krónur á árinu 2007 með 12 mánaðarlegum greiðslum og var jafnframt skuldbundið á árinu 2006 til að greiða Sjóvá-Almennum tryggingum hf., dótturfélagi Milestone ehf., 600.000.000 króna vegna þátttöku þess félags í efndum samninganna við Ingunni en allar greiðslurnar voru inntar af hendi í fullkominni óvissu um hvort, hvernig, hvenær eða hver myndi endurgreiða Milestone ehf. fjármunina og án þess að endurheimt fjárins, samtals 5.195.721.859 krónur, væri tryggð með veðum eða öðrum tryggingarráðstöfunum.

Ákærðu Guðmundur, Karl og Steingrímur létu Milestone ehf. nánar tiltekið fjármagna efndir á eftirgreindum fjórum samningum, dagsettum 4. desember 2005, um kauprétt ákærðu Karls og Steingríms og sölurétt Ingunnar á 14,6% hlutafjár í Milestone ehf., 28% hlutafjár í Leiftra Ltd. og 28% hlutafjár í Milestone Import Export Ltd. fyrir samtals 4.872.981.445 krónur. Samkvæmt samningunum var kaupréttarhöfum heimilt að tilgreina aðra aðila eða önnur félög sem þeir kynnu að eiga eða stofna, sem kaupendur. Í eftirfarandi töflu er gerð grein fyrir dagsetningum samninganna, hlutunum sem hver samningur lýtur að, kaupverði og gjaldddögum kaupverðs og fjölda gjalddaga.

Dags. samn.	Söluandlag			Kaupverð	Gjalddagar skv. samn.
	Milestone	MIE	Leiftri		
4.12.2005	10,306%			1.867.026.667 kr.	jan - des 2006 (12)
4.12.2005		9,33%	9,33%	742.675.667 kr.	júlí - des 2006 (6)
4.12.2005		18,67%	18,67%	1.485.351.333 kr.	jan - des 2007 (12)
4.12.2005	4,294%			777.927.778 kr.	jan - maí 2007 (5)
Samtals	14,60%	28,00%	28,00%	4.872.981.445 kr.	

Kaupverð samkvæmt hverjum samningi um sig átti að greiðast með jöfnum mánaðarlegum afborgunum, auk verðbóta, miðað við vísitölu neysluverðs og var greitt út úr Milestone ehf., samkvæmt því frá og með janúar 2006 til ársloka 2007, með þeirri undantekningu að Sjóvá-Almennar tryggingar hf. tók á sig skuldbindingu gagnvart Ingunni um að greiða henni 600.000.000 króna en sú fjárhæð var bókfærð hjá Milestone ehf. og Sjóvá-Almennum tryggingum hf. sem skuld fyrrnefnda félagsins við hið síðarnefnda.

Ákærðu létu Milestone ehf. inna af hendi fyrstu 10 mánaðarlegu greiðslurnar til Ingunnar á árinu 2006 með millifærslum af reikningum félagsins inn á safnreikning Glitnis Bank Luxembourg SA nr. 500-27-3211 hjá Glitni banka hf. á Íslandi en Ingunn átti vörslureikning hjá Glitni Bank Luxembourg SA. Greiðslur frá og með nóvember 2006 og allar greiðslurnar á árinu 2007 voru inntar af hendi inn á reikning Ingunnar nr. 513-26-2995 hjá Glitni banka hf.

Greiðslur Milestone ehf. til Ingunnar á árinu 2006 voru eftirfarandi:

Dags. millifærslu:	Innleggsreikn.:	Kt. eiganda innleggsreikn.:	Eigandi innleggsreikn.:	Fjárhæð millifærslu:
06.01.2006	500-27-3211	550305-9920	ISB Luxembourg SA	155.898.731 kr.
09.02.2006	500-27-3211	550305-9920	ISB Luxembourg SA	156.399.812 kr.
03.03.2006	500-27-3211	550305-9920	ISB Luxembourg SA	156.274.542 kr.
05.04.2006	500-27-3211	550305-9920	ISB Luxembourg SA	158.028.324 kr.
05.05.2006	500-27-3211	550305-9920	ISB Luxembourg SA	159.844.741 kr.
06.06.2006	500-27-3211	550305-9920	ISB Luxembourg SA	162.162.240 kr.
05.07.2006	500-27-3211	550305-9920	ISB Luxembourg SA	294.547.705 kr.
11.08.2006	500-27-3211	550305-9920	ISB Luxembourg SA	295.897.293 kr.
05.09.2006	500-27-3211	550305-9920	ISB Luxembourg SA	146.909.485 kr.
03.10.2006	500-27-3211	550305-9920	ISB Luxembourg SA	148.708.936 kr.
06.11.2006	513-26-2995	300464-3359	Ingunn Gyða Wernersdóttir	149.383.730 kr.
06.12.2006	513-26-2995	300464-3359	Ingunn Gyða Wernersdóttir	149.271.265 kr.
			Samtals árið 2006	2.133.326.804 kr.

Greiðslur Milestone ehf. til Ingunnar á árinu 2007 voru eftirfarandi:

Dags. millifærslu:	Innleggsreikn.:	Kt. eiganda innleggsreikn.:	Eigandi innleggsreikn.:	Fjárhæð millifærslu:
08.01.2007	513-26-2995	300464-3359	Ingunn Gyða Wernersdóttir	299.383.730 kr.
06.02.2007	513-26-2995	300464-3359	Ingunn Gyða Wernersdóttir	300.170.990 kr.
06.03.2007	513-26-2995	300464-3359	Ingunn Gyða Wernersdóttir	301.408.113 kr.
10.04.2007	513-26-2995	300464-3359	Ingunn Gyða Wernersdóttir	90.395.922 kr.
10.04.2007	513-26-2995	300464-3359	Ingunn Gyða Wernersdóttir	50.000.000 kr.
10.04.2007	513-26-2995	300464-3359	Ingunn Gyða Wernersdóttir	160.000.000 kr.
04.05.2007	513-26-2995	300464-3359	Ingunn Gyða Wernersdóttir	302.195.373 kr.
06.06.2007	513-26-2995	300464-3359	Ingunn Gyða Wernersdóttir	135.041.000 kr.
03.07.2007	513-26-2995	300464-3359	Ingunn Gyða Wernersdóttir	135.738.628 kr.
03.08.2007	513-26-2995	300464-3359	Ingunn Gyða Wernersdóttir	136.037.612 kr.
06.09.2007	513-26-2995	300464-3359	Ingunn Gyða Wernersdóttir	136.087.443 kr.
03.10.2007	513-26-2995	300464-3359	Ingunn Gyða Wernersdóttir	137.881.345 kr.
05.11.2007	513-26-2995	300464-3359	Ingunn Gyða Wernersdóttir	138.578.974 kr.
06.12.2007	513-26-2995	300464-3359	Ingunn Gyða Wernersdóttir	139.475.925 kr.
			Samtals árið 2007	2.462.395.055 kr.

Hinar mánaðarlegu greiðslur til Ingunnar á árinu 2006 voru upphaflega færðar á biðreikning í bókhaldi Milestone ehf. Skuld Milestone ehf. við Sjóvá-Almennar tryggingar hf., að fjárhæð 600.000.000 króna, var færð á sama biðreikning og var færslan dagsett 1. desember 2006. Í kjölfar samningu ársreiknings Milestone ehf. fyrir árið 2006 var uppsöfnuð staða á biðreikningnum, vegna framangreindra færslna, færð sem skuld Milestone Import Export Ltd. við Milestone ehf. á lánardrottnareikningi Milestone Import Export Ltd. í bókhaldi Milestone ehf. miðað við 31. desember 2006. Með lánsamningi, dagsettum 30. desember 2006 en útbúnum í apríl 2007 og undirrituðum í maí 2007, var Milestone Import Export Ltd. skuldbundið til að greiða Milestone ehf. samtals 2.733.326.804 krónur, auk 10% ársvaxta í einni greiðslu 15. desember 2007.

Hinar mánaðarlegu greiðslur til Ingunnar á árinu 2007 voru upphaflega færðar á biðreikning í bókhaldi Milestone ehf. en með færslu í bókhaldi Milestone ehf. miðað við 31. desember 2007 var uppsöfnuð staða á biðreikningnum vegna framangreindra færslna á árinu 2007, samtals 2.462.395.055 krónur, færð sem skuld Milestone Import Export Ltd. við Milestone ehf. á lánardrottnareikningi Milestone Import Export Ltd. í bókhaldi Milestone ehf. Enginn skriflegur samningur var gerður í tengslum við þá bókhaldsfærslu og engin veð eða aðrar tryggingar voru settar fyrir endurgreiðslu.

Stofnun krafna á hendur Milestone Import Export Ltd. í bókhaldi Milestone ehf., miðað við árslok 2006 og aftur miðað við árslok 2007, vegna fjármögnunar Milestone ehf. á hlutabréfakaupunum, var ekki til þess fallin að auka líkur á endurheimtu fjárens vegna lítillar greiðslugetu Milestone Import Export Ltd. og vegna þess að ekki var gengið frá fjárhagslegum skuldbindingum og tryggingum milli Milestone ehf. og Milestone Import Export Ltd.

Samkvæmt skattframtölum Ingunnar seldi hún hlutina í Milestone Import Export Ltd. og Leiftra Ltd. á árinu 2006 og hlutina í Milestone ehf. á árinu 2007 en greiðslum til hennar var þó hagað í samræmi við upphaflega greiðsluáætlun. Í árslok 2007 var Leiftri Ltd. orðinn eigandi 14,6% hlutar Ingunnar í Milestone ehf. Samkvæmt skattframtali Ingunnar var 28% hlutur hennar í Milestone Import Export Ltd. seldur á 250.000.000 króna en óljóst er hvort kaupandinn var félagið sjálft eða Leiftri Ltd. Eftir sölu Ingunnar á hlutunum var Milestone ehf. alfarið í eigu Leiftra Ltd. og ákærðu Karls og Steingríms en Leiftri Ltd. og Milestone Import Export Ltd. alfarið í eigu Karls og Steingríms en tvö síðarnefndu félögin voru félög með takmarkaðri ábyrgð, upphaflega skráð á Bresku Jómfrúreyjum. Ekkert samræmi var í meðferð umræddra krafna og skuldbindinga í bókhaldi og reikningsskilum félaganna þriggja, sem öll voru í eigu ákærðu Karls og Steingríms og lutu stjórn ákærðu.

Þrátt fyrir að ákærðu Karl, Steingrímur og félag þeirra Leiftri Ltd. hafi ekkert fé lagt til kaupa á hlutum Ingunnar runnu allar arðgreiðslur Milestone ehf. vegna árána 2005 og 2006 til Karls og Steingríms og 98,4% af arðgreiðslum ársins 2007 til þeirra og Leiftra Ltd. eða samtals rúmlega 1.000.000.000 króna.

Milestone ehf. fékk ekkert greitt af kröfum sínum á hendur Milestone Import Export Ltd. og aldrei voru gerðar tilraunir til innheimtu. Í tengslum við gerð árshlutareiknings Milestone ehf. vegna níu mánaða uppgjörs 2008 var framkvæmd varúðarfærsla í bókhaldi félagsins og heildarkrafa á hendur Milestone Import Export Ltd. færð niður í 0 og hún þannig færð til gjalda í rekstrarreikningi. Milestone ehf. var lýst gjaldþrota með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 18. september 2009. Milestone Import Export Ltd. hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta og fundust engar eignir í búinu. Þeir fjármunir sem ákærðu Karl, Steingrímur og Guðmundur létu Milestone ehf. inna af hendi vegna samninganna við Ingunni eru félaginu því að fullu glataðir.

Teljast brot allra ákærðu í kafla I varða við 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II

Á hendur ákærða Guðmundi, í störfum hans sem forstjóri Milestone ehf., ákærða Karli, í störfum hans sem starfandi stjórnarformaður Milestone ehf., og ákærða Steingrími, í störfum hans sem stjórnarmaður í Milestone ehf., fyrir meiri háttar brot gegn lögum um bókhald, með því að haga ekki bókhaldi Milestone ehf. á nægilega skýran, öruggan og aðgengilegan hátt, á grundvelli áreiðanlegra og fullnægjandi gagna og í samræmi við góða bókhaldsvenju og með því að haga bókhaldinu þannig að það gaf ranga mynd af viðskiptum og notkun fjármuna. Nánar tiltekið með eftirfarandi hætti:

- a. Með því að haga bókhaldsfærslum í bókhaldi Milestone ehf. vegna 12 mánaðarlegra greiðslna til Ingunnar Wernersdóttur samtals að fjárhæð 2.133.326.804 krónur á árinu 2006 og 12 mánaðarlegra greiðslna til hennar samtals að fjárhæð 2.462.395.055 krónur á árinu 2007 eða samtals að fjárhæð 4.595.721.859 krónur, sbr. kafla I í ákæru, með þeim hætti að ekki var unnt að rekja á skýran og aðgengilegan hátt viðskiptin að baki þeim og notkun fjármuna þar sem færslurnar voru ekki byggðar á áreiðanlegum og fullnægjandi gögnum sem rekja mátti til viðskiptanna en einu gögnin að baki færslunum voru greiðslukvittanir vegna bankafærslna sem ekki höfðu að geyma upplýsingar sem nægt gátu til réttmætrar skráningar í bókhaldið. Færslurnar sundurliðast þannig:

2006	Lyklar í bókhaldi Milestone			D=Debet K= Kredit	
	Færsla	Banki		Biðreikningur	
06.01.	6005	155.898.731 kr.	K	155.898.731 kr.	D
09.02.	6040	156.399.812 kr.	K	156.399.812 kr.	D
03.03.	6162	156.274.542 kr.	K	156.274.542 kr.	D
05.04.	6281	158.028.324 kr.	K	158.028.324 kr.	D
05.05.	6358	159.844.741 kr.	K	159.844.741 kr.	D
06.06.	6518	162.162.240 kr.	K	162.162.240 kr.	D
05.07.	6663	294.547.705 kr.	K	294.547.705 kr.	D
11.08.	6767	295.897.293 kr.	K	295.897.293 kr.	D
05.09.	6890	146.909.485 kr.	K	146.909.485 kr.	D
03.10.	7042	148.708.936 kr.	K	148.708.936 kr.	D
06.11.	7173	149.383.730 kr.	K	149.383.730 kr.	D
06.12.	7280	149.271.265 kr.	K	149.271.265 kr.	D
2007		Banki		Biðreikningur	
08.01.	7661	299.383.730 kr.	K	299.383.730 kr.	D
06.02.	7823	300.170.990 kr.	K	300.170.990 kr.	D
06.03.	7911	301.408.113 kr.	K	301.408.113 kr.	D
10.04.	8183	90.395.922 kr.	K	90.395.922 kr.	D
10.04.	8184	50.000.000 kr.	K	50.000.000 kr.	D
10.04.	8185	160.000.000 kr.	K	160.000.000 kr.	D
04.05.	8168	302.195.373 kr.	K	302.195.373 kr.	D
06.06.	8648	135.041.000 kr.	K	135.041.000 kr.	D
03.07.	8851	135.738.628 kr.	K	135.738.628 kr.	D
03.08.	9193	136.037.612 kr.	K	136.037.612 kr.	D
06.09.	9236	136.087.443 kr.	K	136.087.443 kr.	D
03.10.	9468	137.881.345 kr.	K	137.881.345 kr.	D
05.11.	9677	138.578.974 kr.	K	138.578.974 kr.	D
06.12.	9908	139.475.925 kr.	K	139.475.925 kr.	D

- b. Með því að haga færslu nr. 7536 á 2.733.326.804 krónum, gerðri á tímabilinu 27. febrúar til 3. mars 2007, í bókhaldi Milestone ehf., sem samanstóð af uppsafnaðri stöðu á biðreikningi vegna greiðslna til Ingunnar Wernersdóttur að fjárhæð 2.133.326.804 krónur og skuldbindingar gagnvart Sjóvá-Almennum tryggingum hf. að fjárhæð 600.000.000 króna, sbr. kafla I í ákæru, af biðreikningi yfir á lánardrottnareikning Milestone Import Export Ltd., miðað við 31. desember 2006, með þeim hætti að ekki var unnt að rekja á skýran og aðgengilegan hátt viðskiptin að baki færslunni og notkun fjármuna þar sem færslan var ekki byggð á áreiðanlegum og fullnægjandi gögnum sem rekja mátti til viðskiptanna, en eina gagnið að baki færslunni var útprentun úr bókhaldinu sjálfu, dagsett 3. mars 2007, sem sýndi færsluna en hafði ekki að geyma upplýsingar sem nægt gátu til réttmætrar skráningar í bókhaldið. Færslunni var hagað með eftirfarandi hætti:

2006	Lyklar í bókhaldi Milestone			D=Debet K= Kredit	
	Biðreikningur			MIE	
31.12.	2.733.326.804 kr	K		2.733.326.804	D

- c. Með því að haga færslu í bókhaldi Milestone ehf. nr. 10194, gerðri 30. janúar 2008, á 2.462.395.055 króna uppsafnaðri stöðu vegna greiðslna til Ingunnar Wernersdóttur á árinu 2007, sem greint er frá í kafla I í ákæru, af biðreikningi yfir á lánardrottnareikning Milestone Import Export Ltd., miðað við 31. desember 2007, með þeim hætti að ekki var unnt að rekja á skýran og aðgengilegan hátt viðskiptin að baki færslunni og notkun fjármuna þar sem færslan var ekki byggð á áreiðanlegum og fullnægjandi gögnum sem rekja mátti til viðskiptanna en eina gagnið að baki færslunni var útprentun af tölvupósti frá Guðjóni Ásmundssyni, starfsmanni Milestone ehf., til Eggerts Þorvarðarsonar, bókara félagsins, frá 30. janúar 2008 en fylgiskjalið hafði ekki að geyma upplýsingar sem nægðu til réttmætrar skráningar í bókhaldið. Færslunni var hagað með eftirfarandi hætti:

	Lyklar í bókhaldi Milestone		D=Debet K= Kredit	
2007	Biðreikningur		MIE	
31.12.	2.462.395.055 kr.	K	2.462.395.055 kr.	D

Teljast brot allra ákærðu í kafla II varða við 1. mgr. 6. gr. og 8. gr., sbr. 36. gr., sbr. 3. tölulið 1. mgr. 37. gr. og 2. tölulið 1. mgr. 38. gr., laga um bókhald nr. 145/1994, sbr. 2. mgr., sbr. 3. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

III

Á hendur ákærðu Guðmundi, í störfum hans sem forstjóri Milestone ehf., ákærða Karli, í störfum hans sem starfandi stjórnarformaður félagsins og ákærða Steingrími, í störfum hans sem stjórnarmaður félagsins, fyrir meiri háttar brot gegn lögum um ársreikninga, með því að hafa í sameiningu rangfært efnahagsreikninga sem voru hluti af ársreikningum Milestone ehf. og samstæðureikningum Milestone samstæðunnar fyrir árin 2006 og 2007 og haga gerð ársreikninganna og samstæðureikninganna andstætt 1., 2. og 4. mgr. 14. gr., 30. gr. og 35. gr. laga um ársreikninga þannig að reikningsskilin gáfu ekki glögga mynd í samræmi við settar reikningsskilareglur af rekstrarafkomu á umræddum reikningsárum, eignabreytingum á árunum og efnahag í lok þeirra. Nánar tiltekið með eftirfarandi hætti:

- Með því að færa sem eign 2.733.326.804 króna kröfu í efnahagsreikningi Milestone ehf., sem var hluti af ársreikningi Milestone ehf. fyrir árið 2006, og þar með hluti af samstæðureikningi Milestone ehf., sem ákærðu Guðmundur, Karl og Steingrímur staðfestu með undirritun sinni 23. febrúar 2007, þótt engin gögn lögju þá fyrir um tilvist kröfunnar, sem í bókhaldi var færð á Milestone Import Export Ltd. og engin gögn væru til staðar sem unnt væri að byggja á mat um hvort líklegt væri að Milestone ehf. hefði af kröfunni fjárhagslegan ávinning og þar með hafi ekki verið unnt að meta virði kröfunnar með áreiðanlegum hætti.
- Með því að færa sem eign 2.733.326.804 króna kröfu í efnahagsreikningi Milestone ehf., sem var hluti af ársreikningi Milestone ehf. fyrir árið 2007, og þar með hluti af samstæðureikningi Milestone ehf., sem ákærðu Guðmundur, Karl og Steingrímur staðfestu með undirritun sinni 14. febrúar 2008, þótt krafan, sem í bókhaldi var færð á Milestone Import Export Ltd., væri ekki vegna láns eða annarra viðskipta félaganna, væri á þeim tíma gjaldfallin og í vanskilum og engin gögn lögju þá fyrir sem unnt væri að byggja á mat um hvort líklegt væri að Milestone ehf. hefði af kröfunni fjárhagslegan ávinning og þar með hafi ekki verið unnt að meta virði kröfunnar með áreiðanlegum hætti.

- c. Með því að færa sem eign 2.462.395.055 króna kröfu í efnahagsreikningi Milestone ehf., sem var hluti af ársreikningi Milestone ehf. fyrir árið 2007, og þar með hluti af samstæðureikningi Milestone ehf., sem ákærðu Guðmundur, Karl og Steingrímur staðfestu með undirritun sinni 14. febrúar 2008, þótt engin gögn lægju þá fyrir um tilvist kröfunnar, sem í bókhaldi var færð á Milestone Import Export Ltd., og engin gögn sem unnt væri að byggja á mat um hvort líklegt væri að Milestone ehf. hefði af kröfunni fjárhagslegan ávinning og þar með hafi ekki verið unnt að meta virði kröfunnar með áreiðanlegum hætti.

Í öllum tilvikum bar að færa til gjalda í rekstrarreikningi fjárhæðir sem námu fjárhæðum krafanna.

Teljast brot allra ákærðu í kafla III varða við 1., 2. og 4. mgr. 14. gr., 30. gr. og 35. gr., sbr. 120., sbr. 2. mgr. 121. gr. og 1. tölulið 1. mgr. 122. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006 og 2. mgr., sbr. 3. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

IV

Á hendur ákærðu Margréti, endurskoðanda ársreikninga Milestone ehf., og ákærða Sigurþóri, kjörnum endurskoðanda félagsins, báðum löggiltum endurskoðendum hjá endurskoðunarfyrtækinu KPMG ehf., fyrir meiri háttar brot gegn lögum um ársreikninga, og lögum um endurskoðendur í störfum sínum við endurskoðun ársreikninga Milestone ehf. og samstæðureikninga Milestone samstæðunnar fyrir árin 2006 og 2007 með því að haga störfum sínum í ósamræmi við góða endurskoðunarvenju, þ.e. viðurkenndar aðferðir í samræmi við leiðbeinandi reglur um endurskoðun (ISA) útgefnum af alþjóðasamtökum endurskoðenda. Nánar tiltekið með eftirfarandi hætti:

- a. Með því að hafa áritað samstæðureikning Milestone ehf. fyrir árið 2006, dagsettan 23. febrúar 2007, sem samanstóð af endurskoðuðum ársreikningi móðurfélagsins Milestone ehf. og dótturfélaga, án athugasemda, þrátt fyrir að í efnahagsreikningi, sem var hluti af ársreikningnum og þar með samstæðureikningnum, væri færð til eignar krafa á Milestone Import Export Ltd. að fjárhæð 2.733.326.804 krónur, sem lýst er í a lið III. kafla ákæru, sem svo háttaði til um að engin gögn lágu fyrir sem sýndu fram á tilvist hennar eða gerðu mögulegt að meta virði hennar með áreiðanlegum hætti.
- b. Með því að hafa áritað samstæðureikning Milestone ehf. fyrir árið 2007, dagsettan 14. febrúar 2008, sem samanstóð af endurskoðuðum ársreikningi móðurfélagsins Milestone ehf. og dótturfélaga, án athugasemda, þrátt fyrir að í efnahagsreikningi, sem var hluti af ársreikningnum og þar með samstæðureikningnum, væru færðar til eignar kröfur á Milestone Import Export Ltd., samtals að fjárhæð 5.195.721.859 krónur, sem lýst er í b og c liðum III. kafla ákæru, sem svo háttaði til um að engin gögn lágu fyrir sem gerðu mögulegt að meta virði krafanna með áreiðanlegum hætti en auk þess var krafan sem lýst er í b lið III. kafla ákæru gjaldfallin og í vanskilum og engin gögn lágu fyrir sem sýndu fram á tilvist kröfunnar sem lýst er í c lið III. kafla ákæru.
- c. Með því að gefa, með athugasemdalausri áritun sinni á samstæðureikningana og yfirlýsingu um að þeir gæfu sanna og rétta mynd af fjárhagslegri stöðu samstæðunnar, rangar og villandi upplýsingar um efnahag samstæðunnar og þar með móðurfélagsins Milestone ehf., og láta hjá líða að geta um mikilsverð atriði er snertu efnahag félagsins en kröfur þær sem um ræðir voru langt umfram mikilvægismörkin sem ákærðu skilgreindu við endurskoðunina en þau voru

100.000.000 króna vegna ársreiknings Milestone ehf. fyrir árið 2006 en 250.000.000 króna vegna ársreiknings félagsins fyrir árið 2007.

Brot ákærðu Margrétar og Sigurþórs í kafla IV teljast varða við 8. gr., sbr. 20. gr. laga um endurskoðendur nr. 18/1997, sbr. 9. gr., sbr. 1. mgr. 28. gr., sbr. ákvæði II til bráðabirgða í lögum um endurskoðendur nr. 79/2008 og 1. mgr. 102. gr., sbr. 120. gr., sbr. 2. og 3. mgr. 123. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006 og 2. mgr., sbr. 3. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

V

Á hendur ákærðu Hrafnhildi, Margréti og Sigurþóri, löggiltum endurskoðendum hjá endurskoðunarfyrtækinu KPMG ehf., fyrir brot gegn lögum um endurskoðendur, með því að rækja ekki endurskoðendastörf sín fyrir Milestone ehf. í samræmi við góða endurskoðunarvenju og beita ekki viðurkenndum aðferðum í samræmi við leiðbeinandi reglur um endurskoðun (ISA) gefnum út af alþjóðasamtökum endurskoðenda, nánar tiltekið með eftirfarandi hætti:

- a. Með því að hafa í sameiningu í maí 2007, eftir að lokið var við endurskoðun ársreiknings Milestone ehf. fyrir árið 2006, dagsettum 23. febrúar 2007, bætt inn í endurskoðunarmöppu vegna endurskoðunarinnar, lánsamningi milli Milestone ehf. og Milestone Import Export Ltd., dagsettum 30. desember 2006 en gerðum í apríl 2007 og undirrituðum í maí 2007 og auk þess bætt við efni skjals í endurskoðunarmöppunni, sem hafði að geyma sundurliðun á stöðu á biðreikningi sem fjallað er um í I. kafla ákæru, upplýsingum um tilvísun í lánsamning þennan og þannig breytt efni skjalsins. Með þessari háttsemi létu ákærðu líta svo út að lánsamningurinn hefði verið til staðar við samningu og endurskoðun ársreiknings Milestone ehf. fyrir árið 2006.
- b. Með því að hafa í sameiningu, síðla árs 2009, eftir að lokið var við endurskoðun ársreiknings Milestone ehf. fyrir árið 2007, dagsettum 14. febrúar 2008, og eftir að bú Milestone ehf. hafði verið tekið til gjaldþrotaskipta 18. september 2009, útbúið og bætt inn í endurskoðunarmöppu tveimur mismunandi skjalaknippum sem bæði voru merkt J-402. Annað þeirra innihélt ljósrit af hreyfingarlista úr bókhaldi Milestone ehf. frá því í ágúst 2008 en ákærða Hrafnhildur hafði með ljósritun afmáð færslur frá 2008, niðurstöðutölu og útprentunardagsetningu sem var á upphaflega skjalinu en ritað í staðinn á ljósritið dagsetninguna „5.2.2008“ og nýja niðurstöðutölu. Skjalinu fylgdi lánsamningur sem getið er um í a lið þessa kafla ákærunnar og lánsamningur milli Milestone ehf. og Milestone Import Export Ltd., dagsettur 31. desember 2007, en aðeins undirritaður af hálfu Milestone ehf. Hitt knippið innihélt skjöl sem útbúin voru haustið 2009 eða nánar tiltekið vinnuskjal eða fundargerð þar sem fjallað er um lán til Milestone Import Export Ltd., miðað við árslok 2006, og vísað í mat stjórnenda Milestone ehf. og sams konar skjal, miðað við árslok 2007, þar sem fjallað var um lán til Milestone Import Export Ltd., þ.e. framlengingu hins eldra og töku hins nýrra, og vísað í mat stjórnenda Milestone ehf. Jafnframt að hafa breytt skjali merktu J-400, sem var hreyfingarlisti úr bókhaldi Milestone ehf., prentaður út 4. febrúar 2008, með því að færa inn á það handritaðar breytingar ákærðu Hrafnhildar sem meðal annars fólust í tilvísun í hin viðbættu undirgögn J-402. Með því að útbúa og breyta framangreindum skjölum og koma þeim fyrir í endurskoðunarmöppunni létu ákærðu ranglega líta svo út að við endurskoðun ársreikninga Milestone ehf. fyrir árin 2006 og 2007 hefði farið

fram könnun á tilvist krafna Milestone ehf. á hendur Milestone Import Export Ltd. sem fjallað er um í III. kafla ákæru.

Brot ákærðu Hrafnhildar, Margrétar og Sigurþórs samkvæmt a lið kafla V teljast varða við 2. mgr. 7. gr. og 8. gr., sbr. 20. gr. eldri laga um endurskoðendur nr. 18/1997, sbr. nú 1. mgr. 8. gr. og 9. gr., sbr. 1. mgr. 28. gr., sbr. ákvæði II til bráðabirgða í lögum um endurskoðendur nr. 79/2008.

Brot ákærðu Hrafnhildar, Margrétar og Sigurþórs samkvæmt b lið kafla V teljast varða við 1. mgr. 8. gr. og 9. gr., sbr. 1. mgr. 28. gr., sbr. ákvæði II til bráðabirgða í lögum um endurskoðendur nr. 79/2008.

VI

Þess er krafist að ákærðu verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Þess er krafist að ákærðu Hrafnhildur, Margrét og Sigurþór verði svipt réttindum sínum sem löggiltir endurskoðendur, sbr. 20. gr. eldri laga um endurskoðendur nr. 18/1997 og 1. mgr. 28. gr. gildandi laga um endurskoðendur nr. 79/2008 og 68. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Röksemdir sem málsóknin er byggð á, sbr. d lið 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008

Almennt

Í árslok 2005 áttu systkinin Karl, Steingrímur og Ingunn Wernersbörn saman félagin Leiftra Ltd. (hér eftir Leiftri) og Milestone Import Export Ltd. (hér eftir MIE) og voru eignarhlutföll þeirra í báðum félögum þannig að Karl átti 40,3%, Steingrímur 31,7% og Ingunn 28%. Jafnframt voru þau eigendur Milestone ehf. (hér eftir Milestone) ásamt Leiftra sem átti 30% eftir hlutafjárhækkun á árinu 2005. Eftir að Ingunn hafði selt Milestone 5% eignarhlut í félaginu sjálfu í árslok 2005 var eignarhlutur hennar í Milestone 14,6%.

Háttsemi ákærðu Karls, Steingríms og Guðmundar fólst í því að þeir létu Milestone inna af hendi raunverulega fjármuni til að fjármagna efndir á samningum ákærðu Karls og Steingríms við systur þeirra Ingunni um kaup á hlutafé, sem voru Milestone óviðkomandi. Í fyrstu var með öllu óvíst frá hverjum, hvenær eða með hvaða hætti Milestone fengi fjármunina til baka en við gerð ársreiknings fyrir árið 2006 og aftur fyrir árið 2007 bókfærðu ákærðu og eignfærðu í efnahagsreikningum, sem voru hluti af ársreikningum Milestone og samstæðureikningum, samtals 5.195.721.859 króna óljósar, munnlegar kröfur á hendur eignalitlu félagi MIE í eigu ákærðu Karls og Steingríms án nokkurra trygginga en með þessari háttsemi misnotuðu ákærðu aðstöðu sína og sköpuðu Milestone verulega fjártjónshættu.

Með því að eignfæra í bókhaldi Milestone kröfur á hendur aflandsfélaginu MIE, komust ákærðu hjá því að fjármögnun hlutafjárkaupanna kæmi til lækkunar á bókfærðu eigin fé Milestone. Þannig héldu ákærðu Karl og Steingrímur fullum eignarráðum yfir Milestone, beint og í gegnum félag sitt Leiftra, sem eignaðist þorra hlutanna án þess að þeir eða Leiftri legðu nokkurt fé til kaupanna og án þess að þetta útstreymi fjár hefði áhrif til lækkunar á bókfærðu eigin fé Milestone. Þrátt fyrir að ákærðu Karl og

Steingrímur hafi þannig ekkert fé lagt til hlutafjárkaupanna runnu til þeirra allar arðgreiðslur Milestone á árunum 2006 og 2007 og um 98,4% af arðgreiðslum á árinu 2008 eða samtals 1.000.000.000 króna.

Um I. kafla ákæru

Á síðari hluta ársins 2005 vildi Ingunn Wernersdóttir selja alla sína hluti í Milestone, Leiftra og MIE. Með samkomulagi, dagsettu 16. nóvember 2005, skuldbatt Ingunn sig til að selja ákærðu Karli og Steingrími alla sína eignarhluti í félögunum þremur og skyldi greiða 3.550.540.000 krónur fyrir eignarhlutinn í Milestone og samtals 2.228.027.000 krónur fyrir eignarhlutina í aflandsfélögunum tveimur. Í kjölfarið seldi Ingunn um 5% hlut í Milestone til félagsins sjálfs. Jafnframt voru í árslok 2005 gerðir fjórir samningar sem kváðu á um sölurétt Ingunnar og kauprétt ákærðu Karls og Steingríms á öllu öðru hlutafé hennar í félögunum þremur. Líkt og í upphaflega samkomulaginu var kveðið á um að ákærðu Karli og Steingrími væri heimilt að tilgreina aðra aðila sem kaupendur, þ.m.t. Milestone, Leiftra eða önnur félög sem þeir kynnu að eiga eða stofna. Fyrir liggur að kauprétturinn var virkjaður þar sem Milestone byrjaði að greiða Ingunni kaupverð hlutafjárins í ársbyrjun 2006 og hélt áfram að greiða það allt til ársloka 2007 í samræmi við greiðsluskilmála í samningunum fjórum.

Eignarhald á hlutafé Ingunnar í Milestone og Leiftra var komið yfir til Leiftra þegar ársreikningur Leiftra fyrir árið 2007 var saminn og svo virðist sem MIE hafi að lokum eignast hlutafé Ingunnar í félaginu sjálfu. Samkvæmt skattframtölum Ingunnar var söluverðmæti alls hlutafjárins, með verðbótum, samtals 5.195.723.114 krónur, þar af var söluverð hlutarins í MIE talið vera 250.000.000 króna. Leiftri eignaðist því bróðurpartinn af hinu selda hlutafé. Engin gögn liggja fyrir um hvenær eða hvernig hlutaféð var fært yfir í félögin og ekkert liggur fyrir um að aðrir aðilar hafi átt hlutaféð í millitíðinni. Bæði Leiftri og MIE voru eftir sölu Ingunnar á hlutafénu alfarið í eigu ákærðu Karls og Steingríms og undir þeirra stjórn, samkvæmt allsherjarumboði frá 26. janúar 2004 frá stjórn MIE til að stjórna félaginu án nokkurra takmarkana. Engir samningar liggja fyrir um að Milestone tæki á sig skuldbindingu vegna samninga ákærðu Karls og Steingríms við Ingunni.

Ákærði Guðmundur sendi Arnari Guðmundssyni, fjármálastjóra Milestone, excelskjal í tölvupósti 30. desember 2005, með nákvæmri áætlun um mánaðarlegar greiðslur til Ingunnar frá og með janúar 2006 til ársloka 2007, í samræmi við þær fjárhæðir sem fram komu í fjórum samningum ákærðu Karls og Steingríms við hana um hlutafjárkaupin. Milestone greiddi síðan umræddar greiðslur til Ingunnar inn á bankareikning hennar í Glitni banka hf. eða inn á reikning Glitnis Bank Luxembourg hjá Glitni banka hf. á Íslandi en þeim greiðslum var komið áfram til Ingunnar.

Þegar leið á árið 2006 átti Milestone í nokkrum erfiðleikum með að fjármagna greiðslur til Ingunnar samkvæmt greiðsluáætluninni. Samið var um greiðslufrest við Ingunni hvað varðaði 150.000.000 króna á mánuði mánuðina september til desember 2006 en í staðinn fékk Ingunn 600.000.000 króna kröfu á hendur Sjóvá-Almennum tryggingum hf. (hér eftir Sjóvá), dótturfélagi Milestone. Látið var líta svo út að Sjóvá hefði tekið víkjandi lán hjá Ingunni, sem Sjóvá skyldi endurgreiða Ingunni með vöxtum. Ingunn greiddi Sjóvá hins vegar aldrei lánsfjárhæðina en í stað þess var færð í bókhaldi Sjóvár krafa á hendur Milestone án þess að skriflegir samningar lægju fyrir um þá kröfu. Samsvarandi skuld við Sjóvá var færð í bókhaldi Milestone, miðað við 1. desember

2006, á biðreikning, sem var sami bókhaldslykill og greiðslurnar til Ingunnar höfðu verið færðar á. Vextir sem reiknaðir voru á kröfu Sjóvá á hendur Milestone voru færðir í bókhaldi beggja félaganna. Allar ákvarðanir varðandi þessa svokölluðu lánveitingu voru teknar af eigendum og stjórnendum Milestone. Sjóvá sat þannig uppi með 600.000.000 króna skuld gagnvart Ingunni en eignaðist í staðinn kröfu á Milestone. Milestone var þannig látið taka á sig skuldbindingu gagnvart Sjóvá vegna þátttöku í fjármögnun hlutafjárkaupanna.

Þrátt fyrir að Milestone væri þannig ekki aðili að samningum við Ingunni og hafi ekki eignast hlutaféð voru hlutafjárkaupin að fullu fjármögnuð af félaginu með beinum greiðslum eða með því að félagið tók á sig skuldbindingu gagnvart Sjóvá, samtals 5.195.721.859 krónur sem er 1.255 krónum lægri fjárhæð en kom fram í skattframtali Ingunnar sem söluverð hlutafjárins.

Þegar ákærðu gáfu fyrirmæli um að láta Milestone greiða Ingunni mánaðarlegar greiðslur vegna hlutafjárkaupanna lá engin ákvörðun fyrir um hvernig Milestone yrðu endurgreiddar þær fjárhæðir, hvenær það yrði gert eða hver ætti að greiða. Engin veð eða aðrar tryggingar voru settar fyrir endurgreiðslu fjárins. Í tengslum við gerð ársreiknings Milestone fyrir árið 2006, í febrúar 2007, tóku ákærðu þá ákvörðun að færa uppsafnaða stöðu vegna framangreindra færslna á fyrrnefndum biðreikningi, samtals 2.733.326.804 krónur, sem kröfu á lánardrottnareikningi MIE. Í ársreikningi Milestone fyrir árið 2006, dagsettum 23. febrúar 2007, sem samþykktur var af ákærðu Karli og Steingrími á aðalfundi félagsins sama dag, og í samstæðureikningi, var krafa á hendur MIE, sem nam sömu fjárhæð, færð í efnahagsreikning.

Þrátt fyrir að ákvörðun hefði verið tekin um að færa uppsafnaða stöðu vegna greiðslna til Ingunnar á árinu 2006 af biðreikningi yfir á lánardrottnareikning MIE í tengslum við frágang ársreiknings Milestone í febrúar 2007 var haldið áfram að bókfæra mánaðarlegar greiðslur til Ingunnar á árinu 2007, samtals að fjárhæð 2.462.395.055 krónur, á sama biðreikning og fyrr í bókhaldi Milestone. Sama sagan endurtók sig við gerð ársreiknings Milestone fyrir árið 2007 í febrúar 2008 en þá var eignfærð í ársreikninginn krafa á hendur MIE sem svaraði til greiðslna Milestone til Ingunnar á árinu 2007 og það þótt engin skrifleg skuldbinding lægi fyrir af hálfu MIE um að félagið tæki á sig slíka skuldbindingu. Skjal með lánsamningi með sömu fjárhæð, undirritað af hálfu Milestone en óundirritað af hálfu MIE, fannst í gögnum endurskoðenda Milestone við húsleit hjá endurskoðunarfyrtækinu KPMG ehf. (hér eftir KPMG) í febrúar 2012. Skjalið er dagsett 31. desember 2007 en það var útbúið löngu eftir að gengið var frá ársreikningi Milestone fyrir árið 2007.

Jafnframt var í ársreikningi Milestone fyrir árið 2007 og samstæðureikningi eignfærð sama krafa og árið áður á hendur MIE án nokkurra skýringa af hálfu stjórnenda Milestone og án athugasemda af hálfu endurskoðenda félagsins. Að þessu sinni lá þó svokallaður lánsamningur með gjaldþaga 15. desember 2007 til grundvallar kröfunni en þótt þessi samningur væri dagsettur 30. desember 2006 var hann ekki útbúinn fyrr en í apríl 2007. Í samningnum var ranglega tilgreint að lánsfjárhæðin hefði verið greidd til MIE þótt engir fjármunir færu á milli félaganna og engin lánsviðskipti hefðu átt sér stað. Ekkert var gert til að innheimta kröfu samkvæmt lánsamningnum en í febrúar 2008 hafði hann verið gjaldfallinn í tvo mánuði og þá voru rúm tvö ár liðin frá því að fyrsta greiðsla Milestone til Ingunnar var innt af hendi.

Ársreikningar voru ekki gerðir fyrir MIE vegna árána 2006 og 2007 og bókhald félagsins var ófullkomið. Bókhald og reikningsskil MIE og Leiftra voru í höndum starfsmanna Milestone. Í vinnuöppu endurskoðenda Milestone hjá KPMG fundust drög að efnahagsreikningum MIE, annars vegar miðað við 31. desember 2006 og hins vegar miðað við 30. júní 2007 sem endurskoðendur KPMG telja að þeir hafi fengið frá stjórnendum Milestone haustið 2009 en þessi gögn hafa ekki fundist annars staðar. Félagið átti í upphafi árs 2006 og síðar óverulegar eignir, aðrar en kröfur á Leiftra, en Leiftri átti á þeim tíma og síðar óverulegar eignir, aðrar en hlutabréf í Milestone. Í fyrrnefndum drögum að efnahagsreikningi var talin meðal skulda félagsins skuld við Milestone vegna lánessamnings og til eignar samsvarandi krafa á Leiftra. Samsvarandi skuld við MIE var færð í bókhald Leiftra miðað við 31. desember 2006 en skuldin afskrifuð sama dag og samsvarandi fjárhæð færð sem skuld við Milestone þótt engin lögskipti lægju þar að baki. Samkvæmt ársreikningi Leiftra fyrir árið 2006, undirrituðum af ákærðu Karli og Steingrími, höfðu allar skuldir Leiftra gagnvart MIE verið afskrifaðar. Sambærilega kröfu á Leiftra var ekki að finna þá eða síðar í bókhaldi Milestone. Fjárhæðin sem færð var sem krafa á hendur MIE, í bókhaldi Milestone miðað við árslok 2007, vegna greiðslna til Ingunnar á árinu 2007, var aldrei færð sem skuld við Milestone í bókhaldi MIE.

MIE hefur nú verið tekið til gjaldþrotaskipta. Samkvæmt gögnum frá skiptastjóra MIE á Bresku Jómfrúreyjum var lánessamningur félagsins við Milestone, dagsettur 30. desember 2006, færður í bækur félagsins sem 2.733.326.804 króna eða 22.036.961 USD skuld MIE við Milestone. Að sama skapi var færð eign vegna láns MIE til Leiftra, dagsett 31. desember 2006, til tveggja ára að fjárhæð 26.320.369 evrur eða 33.474.233 USD. Á árunum 2006 og 2007 var krafa MIE á Leiftra nánast eina eign MIE og ekki að sjá hvernig MIE hefði átt að fjármagna endurgreiðslu til Milestone.

Með greinargerð ákærða Karls, sem stefnda í máli þrotabús Milestone á hendur honum, voru lögð fram nokkur dómskjöl í því skyni að sýna fram á eiginfjárstöðu MIE. Þessi skjöl voru í ósamræmi við þau drög sem endurskoðendur KPMG fengu í hendur og þau drög sem fundust á meðal rafrænna gagna í tölvum Milestone.

Þrátt fyrir gerð ýmissa skjala, sem flest voru útbúin löngu eftir þann tíma sem dagsetning þeirra gefur til kynna og ýmsar tilfæringar í bókhaldi og reikningsskilum, tókst ákærðu aldrei að ná samræmi á milli félaganna þriggja, Milestone, Leiftra og MIE, hvað varðar meðferð á kröfum sem myndaðar voru í bókhaldi Milestone vegna útgreiðslna Milestone til Ingunnar og viðskiptaskuld eða krafa sem mynduð var í bókhaldi Milestone var aldrei greidd. Milestone telur sig eiga inni hjá MIE, MIE telur sig skulda Milestone og eiga inni hjá Leiftra en Leiftri hefur afskrifað skuld sína við MIE og telur sig skulda Milestone. Það að Leiftri telur sig skulda Milestone samkvæmt ársreikningi Leiftra er svo aftur í ósamræmi við ársreikning Milestone og í andstöðu við kröfulýsingu Leiftra í þrotabú Milestone þar sem ekki var gert ráð fyrir að félagið skuldaði Milestone vegna hlutfjárkaupanna.

Leiftri varð eigandi þorra þeirra hluta sem keyptir voru af Ingunni án þess að félagið eða ákærðu Karl og Steingrímur, eigendur þess, legðu nokkurt fé til kaupanna. Hlutir Ingunnar voru þannig færðir í eitt félag í þeirra eigu, fjármögnunin lögð á annað félag en á móti stofnuð krafa á hendur því þriðja. Ákærðu Karli, Steingrími og Guðmundi

tókst þannig að aðgreina eignarhald á hinum keyptu hlutum og fjárhagsskuldbindingu sem leiddi af kaupunum. Gengið var þannig frá málum hvað varðar skjalagerð og bókhald að endurheimta fjárins var fjárlægur möguleiki og raunar ekki gerð tilraun til þess að innheimta kröfu Milestone. Fjártjónshætta Milestone var því veruleg allt frá upphafi.

Jafnvel þótt félögin væru öll beint eða óbeint í eigu ákærðu Karls og Steingríms voru öll félögin rekin með takmarkaðri ábyrgð eigenda og þurftu lánardrottinnar Milestone því alfarið að reiða sig á að eignir þess félags stæðu til fullnustu skuldbindingum félagsins.

Ákærði Karl var á árunum 2005 til 2007 starfandi stjórnarformaður Milestone og ákærði Steingrímur stjórnarmaður og þeir ásamt Leiftra, sem alfarið var í þeirra eigu, einu eigendur Milestone eftir sölu Ingunnar á hlutum í félaginu. Þeir skrifuðu báðir undir samninga við Ingunni í árslok 2005 varðandi sölu hennar á hlutafé í félögunum þremur. Þá staðfestu þeir báðir ársreikninga Milestone vegna áraanna 2006 og 2007 ásamt ákærða Guðmundi. Ákærði Guðmundur, sem var forstjóri Milestone tók við fyrirmælum frá stjórn félagsins um að það fjármagnaði efndir á samningum þeirra Karls og Steingríms við Ingunni og Guðmundur fylgdi þeim fyrirmælum eftir með atbeina annarra starfsmanna Milestone. Ákærðu voru þannig allir í raunverulegri aðstöðu til að koma í kring umræddum ráðstöfunum á fjármunum Milestone og ákærðu Karl og Guðmundur auk þess stjórnendur Leiftra.

Með því að leggja á ráðin og gefa fyrirmæli um að Milestone innti umræddar mánaðarlegar greiðslur, að fjárhæð samtals 4.595.721.859 krónur, af hendi til Ingunnar og taka á sig 600.000.000 króna skuldbindingu gagnvart Sjóvá vegna þátttöku þess félags í fjármögnun hlutabréfaviðskiptanna, sem voru félaginu óviðkomandi, í fullkominni óvissu um hvort eða hvernig félagið fengi þessar fjárhæðir endurgreiddar eða hver myndi gera það og án trygginga af neinu tagi, vörpuðu ákærðu Karl, Steingrímur og Guðmundur áhættunni af efndum samninganna við Ingunni yfir á Milestone og ollu félaginu verulegri fjártjónshættu sem þeim var ljós eða hlaut að vera ljós vegna þekkingar sinnar á öllum þremur félögunum sem komu við sögu. Með því að ákærðu létu Milestone fjármagna kaup á hlutafé sem Leiftri, félag í eigu ákærðu Karls og Steingríms, eignaðist að stærstum hluta án þess að hafa af því neinn kostnað öfluðu þeir Leiftra, og þar með sjálfum sér, ótilhlýðilegra hagsmuna í andstöðu við 1. mgr. 51. gr. laga um einkahlutafélög nr. 138/1994, á kostnað Milestone, sem var sjálfstæður lögaðili, og þar með lánardrottina þess. Ákærðu báru sem stjórnarmenn og forstjóri Milestone ábyrgð á því að farið væri með fjármuni félagsins með tryggilegum hætti, sbr. 3. mgr. 44. gr. laganna, og máttu ekki misnota aðstöðu sína í viðskiptum með hluti í félaginu eða félögum innan samstæðunnar, sbr. 2. mgr. 43. gr. laganna.

Líta verður á hverja greiðslu til Ingunnar sem sjálfstætt umboðssvikabrot og þessi brot voru fullframin þegar greiðslurnar voru inntar af hendi þar sem veruleg fjártjónshætta var þá til orðin. Óljósar og reikular hugmyndir ákærðu um að Milestone eignaðist samsvarandi kröfu á annan aðila breyta þar engu. Síðari bókhaldstílfæringar ákærðu, sem fólust í að mynda kröfu á hendur MIE í bókhaldi Milestone í árslok 2006 og aftur í árslok 2007 vegna uppsafnaðrar stöðu á biðreikningi hvort ár og gerð lánsamnings til MIE vorið 2006 vegna stöðunnar í árslok 2006, án þess að nokkrar fjármagnshreyfingar færu fram, voru ekki til þess fallnar að auka líkur á endurgreiðslu fjármunanna, hvað

þá að tryggja endurgreiðsluna með neinum hætti og þar með ekki til þess fallnar að draga úr þeirri fjártjónshættu.

Ráðstöfun þessara gífurlega miklu fjármuna út úr Milestone til að fjármagna kaup félaga í eigu ákærðu Karls og Steingrims á hlutafé Ingunnar hlaut að koma verulega niður á raunverulegri afkomu Milestone og skerða möguleika félagsins á að standa í skilum við lánardrottna og aðra viðskiptamenn. Svo fór að bú Milestone var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 18. september 2009, en skiptum á þrotabúinu er ekki lokið. MIE hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta en samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum má ætla að ekkert fái upp í kröfu þrotabús Milestone á hendur félaginu og er það fé, sem ákærðu Karl, Steingrímur og Guðmundur létu Milestone inna af hendi vegna samninga þeirra Karls og Steingrims við Ingunni um hlutafjárkaup, þrotabúinu að fullu glatað.

Um II. kafla ákæru

Ákærðu Karl og Steingrímur báru, sem stjórnarmenn í Milestone, ábyrgð á því að nægilegt eftirlit væri haft með bókhaldi félagsins, sbr. 3. mgr. 44. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög. Ábyrgð Karls var sérstaklega rík að þessu leyti þar sem hann var starfandi stjórnarformaður og hafði mikil afskipti af rekstri félagsins og ákvarðanatöku. Ákærði Guðmundur var forstjóri Milestone og hafði þar með stöðu framkvæmdastjóra í skilningi laga um einkahlutafélög. Hann bar samkvæmt fyrrnefndu ákvæði ábyrgð á því að bókhald félagsins væri fært í samræmi við lög og venjur.

Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um bókhald nr. 145/1994 skal haga bókhaldi þannig að rekja megi viðskipti og notkun fjármuna á skýran og aðgengilegan hátt. Bókhaldið skal veita svo sundurliðaðar upplýsingar um rekstur og efnahag sem þarfir eigenda, lánardrottna og hins opinbera krefjast og nauðsynlegar eru til að meta megi tekjur og gjöld og eignir og skuldir. Í 1. mgr. 8. gr. laga um bókhald er mælt fyrir um að sérhver færsla í bókhaldi skuli byggð á áreiðanlegum og fullnægjandi gögnum sem rekja megi til viðskiptanna og að ytri sem innri gögn skuli fela í sér upplýsingar sem nægi til réttmætrar skráningar í bókhaldið. Ytri og innri frumgögn eru síðan skilgreind í 2. og 3. mgr. greinarinnar.

Einu fylgiskjölin með mánaðarlegum færslum á biðreikning í bókhaldi Milestone vegna millifærslna fjármuna frá Milestone til Ingunnar Wernersdóttur, sem fjallað er um í a lið II. kafla ákæru, voru bankakvittanir. Í bókhaldsfærslum eða fylgiskjöllum með þeim komu ekki fram upplýsingar sem nauðsynlegar voru til þess að sannreyna mætti viðskiptin svo sem áskilið er í 2. mgr. 8. gr. laga um bókhald. Af fylgigögnum í bókhaldi Milestone varð þannig ekki auðveldlega ráðið hvert greiðslurnar runnu og ekki í hvaða skyni þær voru greiddar eða hvernig þær tengdust rekstri Milestone. Færslur á biðreikning benda til þess að ekki hafi verið afráðið hvernig ráðstöfun fjárens yrði endanlega skýrð í reikningsskilum félagsins.

Að baki færslum á uppsafnaðri stöðu á biðreikningi yfir á lánardrottnareikning MIE í bókhaldi Milestone miðað við árslok 2006 og aftur árslok 2007, sem fjallað er um í b og c liðum II. kafla ákæru, lágu ekki fullnægjandi ytri eða innri frumgögn í skilningi 2. og 3. mgr. 8. gr. laga um bókhald. Hvað varðar 2.733.326.804 króna færsluna sem fjallað er um í b lið II. kafla ákæru þá sýnir hreyfingalisti úr bókhaldi Milestone, sem

prentaður var út 29. janúar 2007, að umrædd fjárhæð var enn á biðreikningi þann dag og fyrirbyggjandi tölvupóstsamskipti benda til að umrædd lokafærsla hafi í fyrsta lagi verið gerð 27. febrúar 2007. Eina fylgiskjalið með færslu þessarar fjárhæðar af biðreikningnum yfir á lánardrottareikning MIE var útprentun, dagsett 3. mars 2007, af hreyfingunni í bókhaldi Milestone en færslunni var gefin dagsetningin 31. desember 2006. Þessi útprentun úr bókhaldinu sjálfu getur hvorki talist ytra né innra fylgiskjal enda hefur það ekki að geyma neinar upplýsingar sem nauðsynlegar voru til að sannreyna mætti viðskiptin að baki færslunni. Lánssamningur milli Milestone og MIE, dagsettur 30. desember 2006, með sömu lánsfjárhæð, fannst við húsleit í höfuðstöðvum Milestone í júlí 2009 en hann var útbúinn í apríl 2007 og undirritaður í maí 2007. Hann var því augljóslega ekki grundvöllur færslunnar.

Sama má segja um 2.462.395.055 króna færsluna sem færð var miðað við árslok 2007 og fjallað er um í c lið II. kafla ákæru. Eina fylgiskjalið sem lá að baki færslunni var útprentun af tölvupósti milli starfsmanna Milestone, þeirra Guðjóns Ásmundssonar og Eggerts Þorvarðarsonar, frá 30. janúar 2008 þar sem Guðjón talar um stöðu á MIE sem verði breytt í Leiftra. Þessi tölvupóstur getur hvorki talist ytra né innra fylgiskjal enda hefur hann ekki að geyma neinar upplýsingar sem nauðsynlegar voru til að sannreyna mætti viðskiptin að baki færslunni. Við húsleit hjá KPMG í febrúar 2012 fannst í endurskoðunarmöppu Milestone skjal með lánssamningi milli Milestone og MIE með dagsetningunni 31. desember 2007. Hann var óundirritaður af hálfu lántaka MIE og því óskuldbindandi. Samningurinn barst endurskoðendum Milestone haustið 2009 og lá hann því augljóslega ekki til grundvallar færslunni.

Allar ofangreindar færslur eru til komnar vegna ákvarðana ákærðu Guðmundar, Karls og Steingríms, sem báru ábyrgð á bókhaldi Milestone, en jafnframt staðfestu þeir ársreikninga félagsins sem byggðust meðal annars á þessum færslum.

Með því að haga bókhaldi Milestone eins og að framan er lýst urðu ákærðu Guðmundur, Karl og Steingrímur þess valdandi að bókhaldið gaf ranga mynd af viðskiptum og notkun fjármuna en slík háttsemi varðar við 3. tölulið 1. mgr. 37. gr. laga um bókhald. Ekkert í bókhaldinu eða fylgiskjöllum gaf til kynna hvaða viðskipti lágu að baki færslunum og engar vísbendingar um að þær væru til komnar vegna þess að Milestone hefði verið látið fjármagna yfir 5 milljarða króna hlutafjárviðskipti milli Ingunnar og ákærðu Karls og Steingríms eða félaga í þeirra eigu. Með vísan til framangreinds teljast ákærðu heldur ekki hafa hagað bókhaldi Milestone á nægilega skýran, öruggan og aðgengilegan hátt, á grundvelli fullnægjandi gagna og í samræmi við góða bókhaldsvenju en slík vanræksla varðar við 2. tölulið 1. mgr. 38. gr. laga um bókhald. Þar sem um var að ræða gríðarlega miklar fjármagnshreyfingar frá Milestone í þágu tengdra aðila var afar mikilvægt að bókhald félagsins gæfi glögga og rétta mynd af viðskiptunum að baki.

Þar sem bókhaldsbrot ákærðu lutu öll að verulega háum fjárhæðum og voru framin með vífaverðum hætti, sbr. 3. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, teljast brot ákærðu vera meiri háttar bókhaldsbrot sem varða við 2. mgr. 262. gr. laganna, sbr. 36. gr. laga um bókhald, en það ákvæði vísar bæði til brota gegn 37. gr. og meiri háttar brota gegn 38. gr. laga um bókhald. Brot ákærðu gerðu það að verkum að bókhald Milestone hafði ekki að geyma upplýsingar sem þarfir lánardrottna og hins opinbera kröfðust og nauðsynlegar voru til að meta mætti tekjur og gjöld og eignir og skuldir

Milestone með réttum hætti en slíkt var ákaflega mikilvægt, m.a. þar sem miklar skuldir hvíldu á Milestone og viðskipti félaga við tengda aðila eru atriði sem lánardrottna varðar miklu að fá rétta og glögga mynd af.

Um III. kafla ákæru

Þau brot gegn lögum um ársreikninga nr. 3/2006 sem ákærðu Guðmundi, Karli og Steingrími eru gefin að sök í III. kafla ákæru varða ársreikninga Milestone fyrir árin 2006 og 2007 en ákærðu báru sem framkvæmdastjóri, með starfsheitið forstjóri, og stjórnarmenn í Milestone á þessu tímabili, ábyrgð á samningu ársreikningsins, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna, þar á meðal á samningu efnahagsreiknings. Ábyrgð þeirra á efni ársreikninga fólst meðal annars í því að þeir væru samdir í samræmi við lög um ársreikninga og gæfu glögga mynd af efnahag félagsins í samræmi við fyrirmæli 1. mgr. 5. gr. laganna.

Móðurfélagsreikningur Milestone fyrir árið 2006 er dagsettur 23. febrúar 2007 og sams konar reikningur fyrir árið 2007 er dagsettur 14. febrúar 2008 en báðir hafa að geyma óundirritaða skýrslu og yfirlýsingu framkvæmdastjóra og stjórnarmanna Milestone. Báðir ársreikningarnir fundust í rafrænum gögnum við húsleit hjá endurskoðunarfyrtækinu KPMG í febrúar 2012. Í fundargerð aðalfundar Milestone, 23. febrúar 2007, sem undirrituð var af ákærðu Karli og Steingrími, segir orðrétt: „Ársreikningur félagsins liggur frammi ásamt áritun endurskoðanda. Framkvæmdastjóri félagsins gerði grein fyrir ársreikningnum. Ársreikningurinn er samþykktur af fundinum.“ Í fundargerð aðalfundar Milestone 29. febrúar 2008, sem einnig var undirrituð af ákærðu Karli og Steingrími, var sama yfirlýsing um ársreikning ársins 2007.

Í samstæðureikningum Milestone fyrir árin 2006 og 2007 er að finna skýrslu og yfirlýsingu stjórnar og framkvæmdastjóra Milestone, undirritaðar af ákærðu, Guðmundi, Karli og Steingrími, þar sem segir að samstæðureikningarnir samanstandi af móðurfélaginu Milestone og dótturfélögum þess. Þá er því lýst yfir að samstæðureikningur Milestone gefi rétta og sanna mynd af eignum, skuldum, fjárhagslegri stöðu og afkomu félagsins.

Í ljósi staðfestinga ákærðu á samstæðureikningum Milestone fyrir árin 2006 og 2007 og undirritaðra yfirlýsinga ákærðu Karls og Steingríms í fundargerðum aðalfunda Milestone 23. febrúar 2007 og 29. febrúar 2008 um staðfestingu á ársreikningunum verður að líta svo á að ákærðu hafi staðfest umrædda ársreikninga og beri ábyrgð á efni bæði móðurfélagsreikninga og samstæðureikninga samkvæmt lögum um ársreikninga.

Hvað varðar a lið III. kafla ákæru liggur fyrir að í efnahagsreikningi, sem var hluti af ársreikningi Milestone fyrir árið 2006 og samstæðureikningi, var krafa á hendur MIE að fjárhæð 2.733.326.804 krónur eignfærð. Áhrif eignfærslunnar komu fram í liðnum lán í efnahagsreikningnum. Þá komu áhrif eignfærslunnar einnig fram í liðnum lán í samstæðureikningi Milestone og í skýringu 22 sem önnur lán. Jafnframt gætti áhrifa eignfærslunnar í skýringu 37 um tengda aðila en meðal tengdra aðila voru talin fyrtæki í eigu hluthafa í stjórn Milestone. Í vinnublaði endurskoðenda um tengda aðila var þessi krafa tilgreind.

MIE var aflandsfélag með takmarkaðri ábyrgð. Þegar umrædd eignfærsla í ársreikningi Milestone var framkvæmd í febrúar 2007 átti MIE litlar sem engar eignir aðrar en kröfu á hendur Leiftra en samkvæmt ársreikningi Leiftra fyrir árið 2006 var skuld Leiftra við MIE afskrifuð miðað við árslok 2006.

Ákærðu færðu kröfuna á MIE til eignar í ársreikningi sem lán þótt engin skrifleg skuldbinding lægi fyrir af hálfu MIE við gerð ársreikningsins um að slík krafa hvíldi á félaginu og án þess að nokkur gögn væru til staðar í bókhaldi Milestone sem sýndu fram á tilvist slíkrar kröfu, hvernig eða hvenær hún fengist greidd eða um tryggingar fyrir greiðslu kröfunnar. Ársreikningar eða önnur örugg gögn um fjárhagslega stöðu MIE og greiðslugetu lágu heldur ekki fyrir. Þar sem um var að ræða mjög háa kröfu á hendur félagi í eigu stjórnarmanna Milestone, sem skilgreint var sem tengdur aðili, sem tengdist viðskiptum stjórnarmannanna en ekki viðskiptum félagsins sjálfs og var þar að auki bókfærð eftir að vinna við ársreikning hófst, var sérstaklega mikilvægt að byggja eignfærsluna á öruggum gögnum en ekki eingöngu orðum stjórnarmannanna.

Engin gögn voru þannig til staðar sem sýndu með öruggum hætti fram á tilvist kröfunnar eða bentu til þess að líklegt væri að félagið hefði af kröfunni fjárhagslegan ávinning í framtíðinni og engin gögn sem nothæf voru til að meta virði kröfunnar með áreiðanlegum hætti. Eignfærslan braut þannig í bága við fyrirmæli 2. mgr. 14. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, sem tóku gildi 26. janúar 2006, en þau lög voru upphaflega gefin út sem lög nr. 144/1994 en endurútgefin með nýrri greinaskipan sem lög 3/2006, sbr. 5. gr. laga nr. 135/2005.

B og c liðir III. kafla ákæru lúta að ársreikningi Milestone og samstæðureikningi fyrir árið 2007. Í efnahagsreikningum sem eru hluti af þessum reikningsskilum voru kröfur á hendur MIE að fjárhæð samtals 5.195.721.859 krónur eignfærðar. Áhrif eignfærslunnar komu fram í liðnum lán í efnahagsreikningi í ársreikningi. Þá komu áhrif eignfærslunnar einnig fram í liðnum lán í samstæðureikningi Milestone en í skýringu 24 í samstæðureikningnum var krafan ranglega flokkuð undir lán til fjármálastofnana. Jafnframt gætti áhrifa eignfærslunnar í skýringu 56 um tengda aðila en meðal tengdra aðila eru þar talin fyrirtæki í eigu hluthafa í stjórn Milestone.

Hvað varðar b lið sérstaklega þá liggur fyrir að við samningu ársreiknings Milestone fyrir árið 2007, í febrúar 2008, var ljóst að Milestone og MIE höfðu gert svokallaðan lánsamning, sem undirritaður var í maí 2007, um fjárhæð sem svaraði til þeirrar kröfu Milestone á hendur MIE sem eignfærð hafði verið í ársreikning Milestone fyrir árið 2006. Engar tryggingar eða ábyrgðir voru settar fyrir efndum á kröfu Milestone á hendur MIE, hvorki í lánsamningnum né með öðrum hætti. Lánsamningurinn var með einn gjalddaga, 15. desember 2007, og hafði verið í vanskilum í tvo mánuði þegar ársreikningur fyrir árið 2007 var undirritaður af ákærðu 14. febrúar 2008. Þá lá jafnframt fyrir að Leiftri hafði afskrifað, miðað við 31. desember 2006, skuld við MIE sem svaraði til kröfu samkvæmt lánsamningnum. Eignastaða og greiðslugeta MIE var því enn bágbornari en við gerð ársreiknings Milestone árinu áður og líkur á greiðslu kröfunnar enn minni. Þar sem ákærðu Karl og Steingrímur voru eigendur og stjórnendur allra þriggja félaganna hlaut þeim að vera ljóst að enginn grundvöllur var til að líta svo á að einhver verðmæti fælust í kröfu Milestone á hendur MIE og að enginn grundvöllur væri undir áframhaldandi eignfærslu kröfunnar í ársreikningi Milestone. Engin gögn voru til staðar sem bentu til þess að líklegt væri að félagið hefði af kröfunni

fjárhagslegan ávinning í framtíðinni og engin gögn sem nothæf voru til að meta virði kröfunnar með áreiðanlegum hætti. Eignfærslan braut þannig í bága við fyrirmæli 2. mgr. 14. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006

Hvað varðar c lið sérstaklega var uppsöfnuð staða á biðreikningi vegna greiðslna til Ingunnar á árinu 2007 2.462.395.055 krónur í árslok 2007. Þá hafði verið gengið frá því að Leiftri yrði eigandi hlutabréfanna sem Ingunn hafði átt í Milestone og í félaginu sjálfu. Í tengslum við gerð ársreiknings Milestone fyrir árið 2007 var staðan á biðreikningnum færð sem skuld MIE við Milestone á lánardrottnareikningi MIE í bókhaldi Milestone án annarra fylgiskjala en tölvupósts milli starfsmanna Milestone sem á engan hátt skýrði hvaða viðskipti lágu að baki færslunni. Þessi bókfærða krafa á hendur MIE var síðan eignfærð í efnahagsreikningi sem var hluti af ársreikningi Milestone fyrir árið 2007. Ekki kom til þess að MIE tæki þessa skuld á hendur með útgáfu lánsammans eða öðru skuldaskjali. Ekkert var heldur fært í bækur MIE eða Leiftra sem komið gat heim og saman við slíka kröfu eins og þó var gert að nokkru leyti árinu áður.

Allar framangreindar bókfærðar kröfur Milestone á hendur MIE voru auk þess ranglega færðar í efnahagsreikning sem útlán þar sem engir fjármunir fóru frá Milestone til MIE og engin lánsviðskipti voru milli félaganna.

Ekki liggur nákvæmlega fyrir hverja aðkomu hver og einn ákærðu höfðu að gerð ársreikningsins eða þeim tilteknu eignfærslum sem III. kafli ákæru lýtur að. Ákærðu fóru sameiginlega með stjórn Milestone skv. 1. mgr. 44. gr. laga um einkahlutafélög nr. 138/1994. Ákærði Guðmundur bar sem forstjóri ábyrgð á daglegum rekstri félagsins og þar með vinnu við samningu ársreiknings. Á hinn bóginn liggur fyrir að ákærði Karl réði miklu um daglegan rekstur og ákvarðanatöku í Milestone. Þar sem umræddar eignfærslur vörðuð kröfur á félag í eigu ákærðu Karls og Steingríms og voru afleiðing af fjárhagslegum gerningum sem þeir höfðu staðið að og þeir höfðu látið Milestone fjármagna með atbeina ákærða Guðmundur, og vörðuð auk þess kaup á hlutafé sem annað félag í þeirra eigu varð eigandi að, er ótvírætt að þeir stóðu allir að þessum færslum eða vissu að minnsta kosti eða hlutu að vita af þeim en ákærðu báru sem fyrr segir allir ábyrgð á samningu ársreikningsins.

Ákærðu er annars vegar gefið að sök að hafa rangfært efnahagsreikninga sem voru hluti af ársreikningum Milestone og samstæðureikningum Milestone samstæðunnar fyrir árin 2006 og 2007 og hins vegar fyrir að haga gerð ársreikninganna og samstæðureikninganna andstætt 1. og 2. mgr. 14. gr. laga um ársreikninga þannig að reikningsskilin gáfu ekki glögga mynd í samræmi við settar reikningsskilareglur af rekstrarafkomu á umræddum reikningsárum, eignabreytingu á árunum og efnahag í lok þeirra. Settar reikningsskilareglur eru skilgreindar í 13. tölulið 2. gr. laga um ársreikninga, sem reglur sem reikningsskilaráð gefur út, sbr. 119. gr., og alþjóðlegir reikningsskilastaðlar, sem skilgreindir eru í 12. tölulið sem reikningsskilastaðlar (IAS/IFRS) samkvæmt skilgreiningu 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 sem framkvæmdastjórn ESB hefur samþykkt skv. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002.

Settar hafa verið fjölmargar reglugerðir hér á landi með stoð í 1. mgr. 127. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, um gildistöku reglugerða framkvæmdastjórnar EB og ESB um innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla eða breytinga á þeim og hafa staðlarnir

verið birtir á íslensku. Hið fyrra af þessum staðlasettum eru svokallaðir IAS staðlar (International Accounting Standards) og eru flestir þeirra enn í gildi með eða án breytinga en sumir þeirra hafa þó verið leystir af hólmi eða breytt með síðara staðlasettinu, svokölluðum IFRS stöðlum (International Financial Reporting Standards). Í samstæðureikningum Milestone kemur fram að þeir séu gerðir í samræmi við þessa staðla.

Með reglugerð nr. 180/2006 var innleidd hér á landi reglugerð EB nr. 1725/2003 um innleiðingu tiltekinna, alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002. Í 3. gr. reglugerðar nr. 180/2006 kemur fram að hún skuli gilda fyrir félög sem skylt er eða nýta sér heimild til að semja ársreikninga sína og samstæðureikninga í samræmi við innleidda alþjóðlega reikningsskilastaðla, öðlist þegar gildi og skuli gilda fyrir hvert það reikningsár sem hefst 1. janúar 2005 eða síðar. Meðal þeirra alþjóðlegra reikningsskilastaðla sem innleiddir voru hér á landi með reglugerðinni, voru IAS 1 um framsetningu reikningsskila og IAS 36 um virðisrýrnun eigna. Þessir staðlar gilda því bæði um reikningsskil fyrir árin 2006 og 2007.

Með reglugerð nr. 1130/2007, var innleidd hér á landi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2237/2004 frá 29. desember 2004 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1725/2003 um innleiðingu tiltekinna, alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar IAS 32 um fjármálagerninga: upplýsingar og framsetningu. Staðallinn var innleiddur hér á landi með reglugerðinni.

Með reglugerð nr. 1132/2007 var innleidd hér á landi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2086/2004 frá 19. nóvember 2004 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1725/2003 um innleiðingu tiltekinna, alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar að bæta við IAS 39 um fjármálagerninga: færsla og mat. Staðallinn var innleiddur hér á landi með reglugerðinni.

Í reglugerðum nr. 1130/2007 og 1132/2007 kemur fram að þær skuli gilda fyrir félög sem skylt er eða nýta sér heimild til að semja ársreikninga sína og samstæðureikninga í samræmi við innleidda alþjóðlega reikningsskilastaðla, öðlast þegar gildi og gilda fyrir hvert það reikningsár sem hefst 1. janúar 2007 eða síðar. Staðlar IAS 32 og IAS 39 gilda því aðeins um reikningsskil Milestone fyrir árið 2007.

Í IAS 1 er fjallað um tilgang reikningsskila en þar segir í 5. gr. (nú 9. gr.) að markmið reikningsskila sé að veita upplýsingar um fjárhagsstöðu, rekstrarárangur og sjóðsstreymi fyrirtækis sem koma mörgum mismunandi notendum að gagni við hagræna ákvarðanatöku. Þá segir í 10 gr. (nú 15. gr.) að reikningsskil skuli gefa glögga mynd af fjárhagsstöðu, rekstrarárangri og sjóðsstreymi fyrirtækis. Þá segir í 31. gr. (nú 7. gr.), í kafla um mikilvægi og uppsöfnun, að í þessu samhengi séu upplýsingar mikilvægar ef það getur haft áhrif á hagræna ákvarðanatöku notenda á grundvelli reikningsskilanna sé ekki greint frá þeim. Mikilvægi sé háð stærð og eðli liðarins, metið út frá þeim aðstæðum sem tengjast því að honum er sleppt. Greinaskipan IAS staðalsins var breytt síðar, sbr. reglugerð nr. 745/2010 en efnislegt innihald ofangreindra ákvæða er hið sama.

Kröfur samkvæmt III. kafla ákæru uppfylltu engan veginn skilyrði þess að teljast fjármálagerningar samkvæmt 11. og 13. gr. IAS 32 og er aðallega byggt á því að IAS 36 taki til reikningsskilalegrar meðferðar krafanna. Kröfur samkvæmt a og c lið höfðu engin tengsl við viðskipti Milestone, þær voru ekki skjalaðar á nokkurn hátt og fullkomin óvissa var um efni þeirra, gjalddaga, greiðslufyrirkomulag, tryggingar o.fl. Krafa samkvæmt b lið byggðist að vísu á svokölluðum lánsamningi þótt samninginn mætti hvorki rekja til fjármunayfirfærslu frá Milestone til MIE eða annarra viðskipta félaganna. Sá samningur hafði verið gjaldfallinn í um tvo mánuði þegar ársreikningur fyrir árið 2007 var frágenginn og ekkert hafði verið gert til að framlengja lánið eða innheimta. Ekki verður því talið að kröfurnar hafi byggst á samningum sem hafi haft skýrar efnahagslegar afleiðingar sem aðilarnir hafi haft fáar eða engar leiðir til að komast hjá.

Verði einhver krafanna talin fjármálagerningur er byggt á því til vara að kröfurnar hafi átt að meta sem verðlausar af ástæðum sem áður hefur verið fjallað um og þar með hafi verið óheimilt að meta þær til eignar, sbr. ákvæði 9., 46., 58., 59. og 63. gr. í IAS 39 en sá staðall tók sem fyrr segir til reikningsskila Milestone og samstæðunnar fyrir árið 2007.

Með vísan til 14. gr. laga um ársreikninga, IAS 36 og IAS 39 er ljóst að í öllum þremur tilvikunum voru færðar til eignar í reikningsskilum Milestone og samstæðunnar verðlausar kröfur sem uppfylltu á engan hátt þær lágmarkskröfur sem gerðar eru til eignar í reikningsskilum. Í 35. gr. laga um ársreikninga, sbr. 30. gr., er sérstaklega vísað til þess að kröfur skuli sæta niðurfærslu vegna hættu á að kröfur muni ekki innheimtast eða af öðrum ástæðum. Í þessu tilviki var um að ræða svo óljósar og ótryggar kröfur að þær höfðu ekkert raunvirði og þar með var óheimilt var að meta þær til verðs. Bar því að færa þær niður að fullu við gerð reikningsskila Milestone. Í stað eignfærslna bar að gjaldfæra á afskriftarreikning viðskiptakrafna fjárhæðir samsvarandi kröfufjárhæðunum, sbr. t.d. ákvæði 63. gr. IAS 39.

Ákærðu bar með hliðsjón af framangreindum stöðlum að gefa nákvæmar skýringar á eðli krafanna og líkur á endurgreiðslu þeirra, um skuldarann og greiðsluhæfi hans, sérstaklega í ljósi þess að um óvenjulegar og háar kröfur var að ræða, sem áttu ekki stoð í viðskiptum félaganna. Sérstaklega vítavert var að flokka kröfur samkvæmt b og c lið undir lán til fjármálastofnana í skýringu 24 í samstæðureikningi fyrir árið 2007 en það gaf til kynna að um mjög tryggar kröfur væri að ræða og gaf notendum reikningsskilanna þar með fullkomlega ranga mynd af eðli þessara háu fjárfrafna.

Með vísan til 1., 2. og 4. mgr. 14. gr. svo og 30. gr. og 35. gr. laga um ársreikninga, sem hafa fullkominn samhljóm með ákvæðum framangreindra staðla, voru allar kröfurnar þannig ranglega eignfærðar í efnahagsreikning Milestone og samstæðureikninginn.

Mikilvægismörkin sem endurskoðendur unnu með við endurskoðun reikningsskila Milestone fyrir árið 2006 voru 100 milljónir króna og 250 milljónir króna við endurskoðun reikningsskila fyrir árið 2007. Þessi mikilvægismörk gefa sterka vísbendingu um að eignfærsla á rúmlega 2,7 milljarða kröfu á hendur MIE í

reikningsskilum ársins 2006 og um 5,2 milljarða kröfum á hendur MIE í reikningsskilum ársins 2007 hafi verið mikilvægar upplýsingar um fjárhagsstöðu, rekstrarárangur og sjóðsstreymi fyrirtækis og skipt kröfuhafa félagsins og aðra notendur reikningsskilanna miklu máli, t.d. í sambandi við ákvarðanatöku varðandi lánveitingar, lánaskilmála og mögulega gjaldfellingu lána. Í því sambandi verður að geta þess að á árinu 2006 var hagnaður Milestone eftir skatta rúmlega 20 milljarðar króna og samstæðunnar rúmlega 21 milljarður króna en eigið fé félagsins og samstæðunnar um 43 milljarðar króna. Á árinu 2007 var hagnaður Milestone eftir skatta tæplega 40 milljarðar króna en samstæðunnar rúmlega 21 milljarður króna. Þá var eigið fé félagsins í árslok um 84 milljarðar króna en samstæðunnar um 70 milljarðar króna. Bókfærðar kröfur á hendur MIE voru í öllum tilvikum svo hátt hlutfall af þessum stærðum að réttar upplýsingar um þær voru mikilvægar fyrir notendur reikningsskilanna.

Vegna þess hversu háar eignfærðar kröfur var um að ræða og þar af leiðandi mikilvægar upplýsingar í reikningsskilum er óhjákvæmilegt annað en að um rangfærslu á efnahagsreikningum móðurfélags og samstæðu Milestone fyrir árin 2006 og 2007 hafi verið að ræða og háttsemi ákærðu því brot gegn 2. mgr. 121. gr. laga um ársreikninga.

Með sömu rökum og jafnframt með vísan til framangreindra ákvæða laga um ársreikninga og framangreindra reglugerða, svo og framangreindra ákvæða alþjóðlegra reikningsskilastaðla, sem ákærðu voru bundnir af teljast þeir jafnframt hafa hagað gerð ársreikninga Milestone og samstæðureikninga fyrir árin 2006 og 2007 andstætt lögum um ársreikninga þannig að reikningsskilin gáfu ekki glögga mynd í samræmi við settar reikningsskilareglur af rekstrarafkomu á reikningsárunum, eignabreytingu á árunum og efnahag í lok þeirra.

Brot ákærðu gegn lögum um ársreikninga teljast vera meiri háttar í skilningi 2. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 (hér eftir hgl.), enda lutu þau öll verulega háum fjárhæðum og voru framin með vítavörðum hætti, sbr. 3. mgr. 262. gr. hgl. Í 262. gr. hgl. er enn vísað til greinanúmera í lögum um ársreikninga fyrir endurútgáfu þeirra en ákvæðin eru sama efnis og 120.-123. gr. laganna eftir endurútgáfu. Þar sem tilvísun 120. gr. laga um ársreikninga til 2. mgr. 262. gr. alm. hgl. er skýr ætti enginn að velkjast í vafa um að síðastgreint ákvæði tekur til brota samkvæmt 121.-123. gr. laga um ársreikninga. Ákvæði 120. gr. laga um ársreikninga er jafnframt sjálfstætt refsíákvæði sem kveður á um að brot gegn 121. gr. og önnur meiri háttar brot gegn 122. og 123. gr. varði fangelsi allt að sex árum eða fésektum ef málsbætur eru miklar.

Hvað varðar félög með takmarkaðri ábyrgð, eins og Milestone, verða lánardrottinnar að miklu leyti að treysta á þá réttarvernd sem lögum um viðkomandi félagsform, bókhaldslögum og ársreikningalögum er ætlað að veita. Því er mikilvægt að lánardrottinnar og aðrir notendur reikningsskilanna geti treyst því að birt reikningsskil endurspeglir raunverulega afkomu og efnahag slíkra félaga. Milestone hafði mikil fjárhagsleg umsvif og á félaginu hvíldu miklar skuldir sem sumar hverjar voru með gjaldfellingarákvæðum ef eiginfjárlutfall félagsins færi niður fyrir tiltekin mörk. Þær ólögsmætu eignfærslur sem ákærðu eru gefnar að sök samkvæmt þessum kafla ákæru voru til þess fallnar að hafa mikið áhrif á ákvarðanir notenda reikningsskilanna hvað varðar jafnt eldri kröfur og nýjar lánveitingar og fólu því í sér mjög alvarlegt brot gegn hagsmunum þeirra og opinberum hagsmunum.

Um IV. kafla ákæru

Ákærðu Sigurþór og Margrét eru löggiltir endurskoðendur og störfuðu á þeim tíma sem ákæra lýtur að hjá endurskoðunarfyrirtækinu KPMG. Ákærði Sigurþór var kjörinn endurskoðandi Milestone á árunum 2006 til 2008 en þau Margrét endurskoðuðu bæði ársreikninga Milestone fyrir árin 2006 og 2007.

Ákærðu Sigurþór og Margrét endurskoðuðu og árituðu samstæðureikninga Milestone fyrir árin 2006 og 2007. Í áritunum þeirra kemur fram að þau hafi endurskoðað samstæðureikninga Milestone og dótturfélaga í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA). Þá lýsa þau því yfir að þau telji að samstæðureikningarnir gefi sanna og rétta mynd meðal annars af fjárhagslegri stöðu samstæðunnar. Í undirritaðri endurskoðunarskýrslu þeirra, dagsettri 2. mars 2007, kemur fram að endurskoðun ársreiknings fyrir árið 2006 sé lokið og hafi endurskoðunin verið framkvæmd í samræmi við alþjóðlega staðla um endurskoðun. Þau hafi endurskoðað samstæðureikning félagsins ásamt ársreikningum móðurfélagsins og tilgreindra dótturfélaga.

Endurskoðendum bar skv. 2. mgr. 7. gr. þágildandi laga nr. 18/1997 um endurskoðendur, sbr. 1. mgr. 8. gr. núgildandi laga nr. 79/2008, að rækja störf sín af kostgæfni og samvirkusemi í hvívetna og halda lög og reglur sem lúta að starfi þeirra. Samvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um nr. 18/1997 þýddi áritun endurskoðanda á reikningsskil, nema annað kæmi fram af árituninni, að reikningsskilin hefðu verið endurskoðuð af honum í samræmi við góða endurskoðunarvenju og að reikningsskilin gæfu að hans mati glögga mynd af hag og afkomu aðila í samræmi við góða reikningsskilavenju. Hliðstætt ákvæði er að finna í 9. gr. núgildandi laga um endurskoðendur en þar segir að endurskoðandi skuli rækja störf sín í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og alþjóðlega staðla um gæðaeftirlit sem teknir hafa verið upp í íslenskan rétt, sbr. 31. gr. Þar sem alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar og alþjóðlegir staðlar um gæðaeftirlit hafa enn ekki verið teknir upp í íslenskan rétt gildir að þessu leyti ákvæði II til bráðabirgða í lögnum en þar segir að þar til alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar hafi verið teknir upp í íslenskan rétt skuli endurskoðun skv. 9. gr. fara eftir góðri endurskoðunarvenju. Með góðri endurskoðunarvenju sé átt við að endurskoðað sé með viðurkenndum aðferðum í samræmi við leiðbeinandi reglur um endurskoðun (ISA) út gefnar af alþjóðasamtökum endurskoðenda (IFAC) sem Félag löggiltra endurskoðenda er aðili að. Bráðabirgðaákvæðið er útfærsla á áður gildandi lagafyrirmælum um skyldur endurskoðenda, sbr. 8. gr. laga nr. 18/1997.

Í samræmi við framangreind lagafyrirmæli byggði handbók KPMG um endurskoðun, sem gildi fyrir árin 2006 og 2007, á ISA stöðlunum en hún var til leiðbeiningar fyrir endurskoðendur KPMG í störfum þeirra. Í endurskoðunarfyrirmælum vegna endurskoðunar Milestone fyrir árið 2006, sem endurskoðunarteymið setti, kemur fram í kafla C1.03 að við endurskoðunina skuli fylgt ákvæðum alþjóðlegra endurskoðunarstaðla (ISA) í samræmi við handbók KPMG um endurskoðun. Í þessum sama kafla kom fram að mikilvægismörk við endurskoðun Milestone skyldu vera 100.000.000 króna. Í kafla C1.05 í endurskoðunarfyrirmælunum er fjallað um að Milestone sé í eigu þriggja systkina ásamt Leiftra, sem jafnframt sé í eigu systkinanna en verið sé að kaupa Ingunni út úr Milestone. Litið sé á félög í eigu stjórnarmanna sem tengd félög en engin vandamál hafi komið upp varðandi viðskipti tengdra aðila. Bent var á ágalla sem til þess væru fallnir að auðveldara væri að svíkja fé út úr félaginu en

þó töldu endurskoðendurnir rétt að einbeita sér frekar að sviksemi tengdri ársreikningum. Í kafla C1.06 kom fram að ákærði Karl væri starfandi stjórnarformaður og allar stórar ákvarðanir færu í gegnum hann. Hann væri mjög ráðandi á staðnum. Um ákærða Guðmund var tekið fram að honum væri heimilt að fjárfesta eða skuldbinda félagið fyrir 1 milljarði króna án samráðs við stjórn. Í samantekt um hættur í rekstrinum og áhrif þeirra á endurskoðunina í kafla C1.08 og C1.09 kom fram árétting á því að stærsti hluthafinn væri starfandi stjórnarformaður félagsins. Hann væri mjög „domenerandi“ og allar stærri ákvarðanir fari í gegnum hann. Viðbrögðin væru að einbeita sér að sviksemi tengdri ársreikningum og skoða vel bókhaldsfærslur. Þá var bent á að móðurfélagið þyrfti að standast ákveðnar kröfur lánveitanda (LÍ) svo að lánin frá bankanum gjaldfalli ekki, m.a. megi eiginfjárlutfall félagsins ekki fara niður fyrir 25%. Þrýstingur frá utanaðkomandi aðilum gæti þrýst á stjórnendur til að hagræða tölum í ársreikningi.

Í staflið B í kafla C1.11 í endurskoðunarfyrirmælunum kemur fram að byggt verði á endurskoðunarhandbók KPMG við endurskoðunina. Við eignaliðinn útlán er skráð að farið verði yfir heild, tilvist og nákvæmni útlána og vísað nánar í kafla M í endurskoðunarmöppunni, nánar tiltekið vinnublað M101-1. Það vinnublað er unnið af Hrafnhildi og dagsett 12. febrúar 2007 en yfirfarið af ákærðu Margréti. Heildarfjárhæð útlána, 2.792 milljónir króna, er sundurliðuð og kemur þar fram að krafa sé á Ingunni, að fjárhæð 2.735 milljónir króna. Í samræmi við endurskoðunarfyrirmælin er tekið fram að farið verði yfir heild, tilvist og nákvæmni útlána, það verði kannað með því að skoða samninga á bak við útlán og bera saman við bókfært verð. Á vinnublaði M101-1, sem unnið var af Hrafnhildi en yfirfarið af Margréti, er framkvæmd endurskoðunar útlánanna lýst og þar kemur meðal annars fram að fenginn hafi verið samningur vegna láns við Ingunni og hann borinn saman við ársreikning móðurfélagsins en engar athugasemdir hafi verið gerðar. Á vinnublaði 17 sem einnig var unnið af Hrafnhildi og yfirfarið af Margréti má sjá flokkunarfærslur (einnig kallað „reclass-færslur“) af og á útlánaliðnum. Þar á meðal má sjá upptalningu á öðrum kröfum en þar á meðal er staða á biðreikningi 206988, að fjárhæð 2.734.541.184 kr., og vísað í skjal 17-6. Á því skjali er sundurliðun á stöðunni á biðreikningnum þar sem sést að 2.733.326.804 krónur eru auðkenndar Ingunni Wernersdóttur. Í öllum gögnum sem stafa frá endurskoðendum vegna endurskoðunar ársreiknings Milestone fyrir árið 2006 er þannig gengið út frá því að staða á umræddum biðreikningi sé vegna Ingunnar. Ljóst mátti þó vera að Milestone gat ekki átt kröfu á Ingunni á grundvelli samnings hennar við ákærðu Karl og Steingrím þar sem samningurinn gerði ráð fyrir greiðslum til hennar vegna sölu á hlutafé sem Milestone hafði fjármagnað í þágu þeirra, eða félaga í þeirra eigu, en ekki hennar. Fyrir liggur að eina skjalið sem bendir til þess að um kröfu á MIE hafi verið að ræða var bætt inn í möppuna eftir áritun ársreikningsins, sbr. umfjöllun um kafla V í ákæru.

Við lok endurskoðunar fylltu endurskoðendur út svokallað „Completion Documents“ þar sem farið er yfir helstu niðurstöður samkvæmt endurskoðunarfyrirmælum. Undir lið um sviksemi kom fram að við endurskoðun á ársreikningi félagsins hafi verið farið yfir alla liði sem væru háðir mati stjórnenda. Farið var yfir forsendur og niðurstöður af slíku mati. Það var álit endurskoðendanna að ekki væri um að ræða „Management Bias“ sem tengist þessum þáttum. Sérstaklega var tekið fram að ekki væri treyst í blindni á mat stjórnenda, heldur farið yfir forsendur þeirra og niðurstöður.

Sambærileg atriði voru í endurskoðunarfyrirmælum endurskoðenda Milestone vegna ársreiknings 2007 og fjallað er um hér að framan. Þar var þó tekið fram að Milestone hafi að mestu verið í eigu bræðranna Karls og Steingríms en systir þeirra hafi verið keypt út úr félaginu í ársbyrjun. Jafnframt höfðu mikilvægismörk við endurskoðunina verið hækkuð í 250.000.000 króna. Á vinnublaði M sem vísar til kafla M í endurskoðunarfyrirmælunum, og ætlað er að fjalla um endurskoðun á útlánnum, er ekkert fjallað um meint útlán til MIE, hvorki um kröfuna frá 2006 né um kröfuna vegna greiðslna til Ingunnar á árinu 2007. Engum undirgögnum merktum M var heldur til að dreifa. Við húsleit hjá KPMG í febrúar 2012 fundust í endurskoðunarmöppu vinnugögn og undirgögn merkt J sem vörðuðu útlán til MIE. Þar sem þessi gögn voru útbúin haustið 2009 og þá bætt inn í vinnumöppurnar var ekkert í vinnumöppunum varðandi þessi lán við áritun ársreiknings, sbr. b lið V. kafla ákæru.

Ákvæði 120. gr., sbr. 123. gr. laga um ársreikninga kveða á um refsíabyrgð endurskoðenda í starfi. Í 123. gr. er meðal annars mælt fyrir um að endurskoðendur gerist sekir um refsiverð brot gegn lögnum með athöfnum eða athafnaleysi með því að haga störfum sínum andstætt ákvæðum laganna eða í ósamræmi við góða endurskoðunarvenju og með því að gefa með áritun sinni rangar eða villandi upplýsingar eða láta hjá líða að geta um mikilsverð atriði er snerta rekstrarafkomu eða efnahag félags þess sem endurskoðunin varðar.

Refsíákvæði um endurskoðendur, sambærilegt því sem nú er að finna í 123. gr. laga um ársreikninga, kom fyrst inn í ársreikningalög með lögum nr. 37/1995. Hugtakið góð endurskoðunarvenja kemur fram í þeim lögum en er ekki sérstaklega skýrt. Í athugasemdum við ákvæðið í greinargerð með frumvarpi til þeirra laga kemur þó fram að um starfsskyldur endurskoðenda fari eftir lögum um endurskoðendur. Í 1. mgr. 102. gr. laga um ársreikninga, eins og þau voru fram til ársins 2013 voru fyrirmæli um að endurskoðendur skyldu endurskoða ársreikninginn í samræmi við góða endurskoðunarvenju og í því sambandi kanna bókhaldsgögn félagsins og aðra þætti er varða rekstur þess og stöðu. Í núgildandi ákvæði 1. mgr. 102. gr. segir hins vegar að endurskoðendur skulu endurskoða ársreikninginn í samræmi við lög um endurskoðendur. Hvort sem vísað er til núgildandi ákvæða laga um ársreikninga eða laganna eins og þau voru á árunum 2006 til 2008 fer þannig um inntak góðrar endurskoðunarvenju eftir lögum um endurskoðendur. Góð endurskoðunarvenja er skýrð þannig í II. ákvæði til bráðabirgða í núgildandi lögum um endurskoðendur nr. 79/2008, að átt sé við að endurskoðað sé með viðurkenndum aðferðum í samræmi við leiðbeinandi reglur um endurskoðun (ISA) útgefnum af alþjóðasamtökum endurskoðenda (IFAC) sem Félag löggiltra endurskoðenda sé aðili að. Í handbók KPMG um endurskoðun, sem gildi fyrir árin 2006 og 2007, kemur fram að handbókin sé byggð á þessum sömu leiðbeinandi reglum og má slá því föstu að litið hafi verið á þær sem gildandi viðmið um góða endurskoðunarvenju á þessum árum. Fyrir liggur að endurskoðunarfyrirmæli endurskoðenda Milestone byggðust á handbók KPMG um endurskoðun og þar með á fyrirnefndum ISA stöðlum.

Vísað er til ISA 200 um markmið og grundvallarreglur um endurskoðun reikningsskila, sérstaklega 2., 4., 6., 11., 14. og 16. gr. en í síðast nefndu greininni er mælt fyrir um að endurskoðandi skuli skipuleggja endurskoðun með viðhorfi um faglega efahyggju sem taki með í reikninginn að fyrir hendi kunni að vera aðstæður sem orsaki að reikningsskilin séu röng í mikilvægum atriðum.

Einnig er vísað til ákvæða ISA 230 um skjölun vinnugagna sem útbúin eru af eða fyrir eða aflað er af varðveitt af endurskoðanda til að styðja mat endurskoðandans og sönnunargögn sem endurskoðandinn hefur aflað í samræmi við ISA staðlana.

Í ISA 240, sem fjallar um ábyrgð endurskoðenda varðandi svik í endurskoðun reikningsskila og gildi um ársreikninga fyrir árin 2006 og 2007 kemur fram að til þess að endurskoðandi geti öðlast raunhæfa fullvissu um að reikningsskilin séu í heild laus við mikilsverðar rangfærslur þurfi hann að hafa uppi faglega efahyggju í gegnum alla endurskoðunina og gera sér grein fyrir möguleikanum á því að um sviksamlegar rangfærslur í reikningsskilunum geti verið að ræða. Í 76. gr. staðalsins kemur fram að til að bregðast við hættu á að stjórnendur fari framhjá eftirlitsþáttum eigi endurskoðandinn að hanna og framkvæma endurskoðunaraðgerðir til að prófa bókhaldsfærslur, fara yfir mögulega hlutdrægni við matskennda liði og fá skilning á viðskiptalegum rökum fyrir mikilsverðum færslum sem endurskoðandinn veitir athygli og eru utan reglulegrar starfsemi félagsins eða sem eru óvenjulegar miðað við skilning endurskoðandans á félaginu. Í 78. gr. eru talin upp einkenni sem bent geta til sviksamlegra færslna, þ.á m. er í c lið getið um færslur sem gerðar eru í lok tímabils eða eftir lokun tímabils og hafa litlar eða engar skýringar. Þá er í viðauka I með þessum staðli nefnd dæmi um sviksemispætti. Þar á meðal er talað um veruleg viðskipti við tengda aðila sem ekki eru liður í reglubundinni starfsemi eða við tengd félög sem ekki sæta endurskoðun eða eru endurskoðuð af öðru endurskoðunarfyriertæki. Einnig eru „dóminerandi“ stjórnendur nefndir. Allir þessir áhættuþættir voru til staðar í ríkum mæli hvað varðar eignfærslu umræddra krafna á hendur MIE í ársreikningi Milestone. Það sem meira er þá gerðu ákærðu Sigurþór og Margrét sér grein fyrir flestum þeirra í endurskoðunarfyrimælum sínum, eins og að framan er lýst, en ákváðu hins vegar að fylgja hvorki eigin fyrimælum, handbók KPMG né ákvæðum í umræddum staðli og vísast þar sérstaklega til 2., 3., 19., 21.-26. og 76.-82. gr. svo og viðauka 1 og 2.

Þá er vísað til ákvæða ISA 500 staðalsins um endurskoðunar(sönnunar)gögn. Fylgiskjöl að baki umræddum kröfum á hendur MIE voru með öllu ófullnægjandi. Í ISA 500 sem fjallar um endurskoðunargögn og var í gildi við endurskoðun fyrir árin 2006 og 2007 sagði í 2. gr. að endurskoðandi skyldi afla fullnægjandi og viðeigandi endurskoðunargagna til þess að geta dregið ályktanir sem hægt er að nota til að byggja undir niðurstöður um endurskoðun. Með hliðsjón af nær algerum skorti á fylgiskjöllum vegna kröfunnar, þeirri fjárhæð sem um var að ræða, magni og gæðum þeirra upplýsinga sem lögð voru til grundvallar, hvaðan þær upplýsingar komu og skorts á staðfestingu frá þriðja aðila, má segja að brotið hafi verið gegn öllum viðmiðunum í þessum staðli og í ISA 505 sem fjallar um staðfestingu frá þriðja aðila. Vísast til 2., 5., 6., 7., 9., 11., 15.-25., 30., 32. og 34. gr. ISA 500.

Í ISA 550, sem fjallar um viðskipti við tengda aðila og í gildi var við endurskoðun fyrir árin 2006 og 2007, eru í 6. gr. taldar upp ástæður fyrir því hvers vegna endurskoðendur þurfa að hafa gætur á viðskiptum við tengda aðila og er ein ástæðan talin sú að hvatinn að viðskiptum milli tengdra aðila geti verið annar en venjulegur viðskiptaáhugi, t.d. úthlutun hagnaðar eða jafnvel svik. Í 9. gr. segir að endurskoðandinn eigi að yfirfara upplýsingar frá stjórn eða stjórnendum félagsins varðandi viðskipti við tengda aðila. Í 14. gr. er sérstaklega tekið fram að vegna eðlis viðskipta á milli tengdra aðila geti verið um takmörkuð gögn að ræða og því verði endurskoðandinn að íhuga aðrar aðgerðir eins

og t.d. að fá staðfestingu hjá tengda aðilanum, rannsaka upplýsingar og gögn sem tengdi aðilinn á eða fá staðfestingar eða ræða við aðra aðila sem gætu tengst viðskiptunum. Sjá einnig greinar 13, 15 og 16. Ekki virðist hafa verið farið eftir þessum ákvæðum staðalsins að neinu leyti.

Loks er vísað til ISA 320 um mikilvægi við endurskoðun sem var í gildi hvað varðar endurskoðun reikningsskila fyrir árin 2006 og 2007. Í 2. gr. segir að endurskoðandi skuli hafa í huga mikilvægi og tengsl þeirra við endurskoðunaráhættu í endurskoðunarstörfum. Í 3. gr. segir að upplýsingar séu mikilvægar ef skortur á þeim eða skekkja gæti haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir notenda reikningsskilanna sem teknar eru á grundvelli þeirra. Mikilvægi er háð stærð atriðis eða villu í þessu sérstaka tilviki skorts á upplýsingum eða skekkju. Einnig er vísað til 4. gr. og 10. gr. en þar segir að öfugt samband sé milli mikilvægis og stigs endurskoðunaráhættu þannig að því meira sem mikilvægi tiltekins atriðis er því minni áhættu megi taka við endurskoðun hvað það varðar og öfugt. Um mat á áhrifum rangra upplýsinga í reikningsskilum er vísað til 12. gr. og um rétt viðbrögð endurskoðenda við neitun stjórnenda fyrirtækis á að leiðrétta reikningsskilin til 15. gr. Ef ítarlegri skoðun endurskoðenda leiðir til sömu niðurstöðu eiga þeir að hugleiða að breyta endurskoðunarskýrslu sinni í samræmi við ISA 701.

Brot ákærðu Sigurbórs og Margrétar gegn 3. tölulið 123. gr. laga um ársreikninga fólust annars vegar í því að gefa með áritun sinni rangar og villandi upplýsingar og hins vegar í því að láta hjá líða að geta um mikilsverð atriði er snertu efnahag félagsins.

Þegar endurskoðendur Milestone endurskoðuðu ársreikning móðurfélagsins fyrir árið 2006 innihélt efnahagsreikningurinn kröfu á hendur MIE að fjárhæð 2.733.326.804 krónur, en sú fjárhæð var um 98% af heildarútlánnum móðurfélagsins og langt umfram uppgefin mikilvægismörk endurskoðendanna sem voru 100.000.000 króna. Við sambærilega endurskoðun 2007 innihélt efnahagsreikningur Milestone kröfu á hendur MIE að fjárhæð 5.195.721.859 krónur sem einnig var langt umfram 250.000.000 króna uppgefin mikilvægismörk endurskoðendanna það ár. Þar sem um verulega stórar eignfærslur var að ræða sem námu 27 földum mikilvægismörkum fyrra árið en 20 földum síðara árið var ótvírætt um mikilsverð atriði að ræða varðandi efnahag Milestone.

Með vísan til röksemda með III. kafla ákæru var það í andstöðu við ákvæði laga um ársreikninga og alþjóðlegar reikningsskilareglur að eignfæra þessar óljósu kröfur í efnahagsreikningum Milestone og samstæðunnar umrædd ár og voru reikningsskilin þannig rangfærð og gáfu ekki glögga mynd í samræmi við settar reikningsskilareglur af rekstrarafkomu á reikningsárinu, eignabreytingu á árinu og efnahag í lok þess.

Störf ákærðu Sigurbórs og Margrétar við endurskoðun á ársreikningum Milestone og samstæðureikningum fyrir árin 2006 og 2007 voru eins og að framan er getið ekki í samræmi við þeirra eigin endurskoðunarfyrirmæli og heldur ekki í samræmi við þá alþjóðlegu endurskoðunarstaðla sem fyrirmæli þeirra byggðu á og þau sögðust fara eftir og þeim bar samkvæmt framansögðu að fara eftir við endurskoðunarvinnuna.

Ákærðu voru ljósir margir alvarlegir áhættuþættir við endurskoðun Milestone svo sem að stærsti hluthafi félagsins, þ.e. ákærði Karl, væri starfandi stjórnarformaður félagsins. Hann væri mjög „dominerandi“ og allar stærri ákvarðanir færu í gegnum hann og því ætluðu endurskoðendur Milestone að einbeita sér að sviksemi sem tengdist ársreikningum og skoða vel bókhaldsfærslur. Þá var sérstök athygli vakin á því að móðurfélagið Milestone þyrfti að standast ákveðnar kröfur lánveitanda svo lánin gjaldféllu ekki, m.a. að eiginfjárhlutfall félagsins færi ekki niður fyrir 25%. Þrýstingur frá utanaðkomandi aðilum gæti því þrýst á stjórnendur félagsins til að hagræða tölum í ársreikningi. Þrátt fyrir þessa áhættuþætti kusu ákærðu að byggja endurskoðunina að þessu leyti eingöngu á munnlegum upplýsingum eigenda og stjórnenda Milestone sem jafnframt voru eigendur MIE

Ákærðu létu hjá líða að framkvæma raunverulega skoðun á tilvist, nákvæmni og heild umræddra krafna þrátt fyrir að um væri að ræða háar kröfur án nokkurra trygginga, á hendur tengdum aðila sem ekki sætti endurskoðun, ótengdar reglubundnum rekstri Milestone, færðar í bækur Milestone eftir lok viðkomandi reikningsára án þess að skjallæg gögn lægju fyrir um tilvist þeirra. Þau skoðuðu ekki bókhaldsgögn að baki kröfunum, mátu ekki líkur á innheimtu krafnanna, mögulegar tryggingar að baki þeim og þar með gerðu þau ekkert til að staðreyna verðmæti þeirra. Ákærðu leituðu ekki eftir upplýsingum um tilvist krafnanna hjá meintum skuldara krafnanna og könnuðu á engan hátt greiðsluhæfi hans. Ákærðu létu hjá líða að geta þess að umræddar eignfærslur byggðu ekki á neinum bókhaldsgögnum og því væri ekki unnt að meta tilvist þeirra eða verðmæti.

Eftirfarandi ólögmætar breytingar á endurskoðunargögnum Milestone, sbr. V. kafla ákæru, sem ákærðu tóku þátt í að gera í þeim tilgangi að láta líta svo út að tiltekin gögn hefðu verið til staðar við endurskoðunina sem voru það sannarlega ekki, sýna vel að endurskoðun þeirra var ófullnægjandi.

Um heimfærslu háttsemi ákærðu til laga um ársreikninga vísast að breyttu breytanda til röksemda með III. kafla ákæru. Brot ákærðu varða jafnframt refsingu samkvæmt 20. gr. þágildandi laga um endurskoðendur, sbr. nú 9. gr., sbr. 1. mgr. 28. gr., sbr. ákvæði II til bráðabirgða í núgildandi lögum um endurskoðendur nr. 79/2008. Lög um ársreikninga hafa að geyma sérstök refsiakvæði er lúta að endurskoðun ársreikninga.

Um V. kafla ákæru

Í V. kafla ákæru eru ákærðu Hrafnhildi, Margréti og Sigurþóri gefin að sök brot gegn lögum um endurskoðendur í endurskoðendastörfum þeirra hjá KPMG í þágu Milestone. Ákærðu er gefið að sök að hafa haustið 2009, löngu eftir að endurskoðun ársreikninga Milestone fyrir árin 2006 og 2007 var lokið, bætt í endurskoðunarmöppur skjölum sem einnig voru útbúin löngu eftir lok endurskoðunarvinnunnar en tilgangur háttseminnar var sá að láta líta svo út að við gerð og endurskoðun ársreikninganna hafi legið fyrir skjöl sem mögulega gátu réttlætt eignfærslu krafna á hendur MIE í ársreikningum Milestone árin 2006 og 2007 sem fjallað er um í III. og IV. kafla ákæru og jafnframt athugasemdalaus endurskoðun ársreikninga Milestone og áritun samstæðureikninga Milestone.

Vísað er til röksemda með IV. kafla ákæru hér að framan varðandi refsíákvæði í lögum um endurskoðendur og refsináemi þess ef endurskoðendur brjóta gegn góðri endurskoðunarvenju svo og gildi alþjóðlegra endurskoðunarstaðla við mat á því hvort brotið sé gegn góðri endurskoðunarvenju.

Í handbók KPMG um störf endurskoðenda á árinu 2007 er sérstaklega fjallað um breytingar á vinnuskjölum endurskoðenda. Þar er lagt bann við breytingum á vinnuskjölum en sérstaklega tiltekið hvernig breytingar skuli skráðar ef nauðsynlegt þykir að gera undantekningu frá reglunni. Þar kemur fram að ef nauðsynlegt þygi að breyta eða bæta við gögnum skuli undantekningalaust skrá hvenær breytingin sé gerð, hver framkvæmdi hana og ástæðu þess að breytinga var þörf. Þessi fyrirmæli í handbókinni voru byggð á ákvæðum alþjóðlegra endurskoðunarstaðla, nánar tiltekið ISA 230 (28 gr.) og ISA 230 (30.gr.) og var vísað til staðlanna í handbókinni.

Nánar tiltekið bættu ákærðu, eftir áritun ársreiknings Milestone fyrir árið 2006, inn í endurskoðunarmöppu Milestone lánsamningi milli Milestone og MIE, dagsettum 30. desember 2006. Samningur þessi var ekki útbúinn fyrr en í apríl 2007 og ekki undirritaður fyrr en í maí 2007 og því útilokað annað en að honum hafi verið bætt inn í endurskoðunarmöppuna eftir þann tíma. Auk þess bættu ákærðu tilvísun í þennan lánsamning inn á skjal í endurskoðunarmöppunni sem hafði að geyma sundurliðun á stöðu á biðreikningi sem fjallað er um í kafla I í ákæru. Með þessari háttsemi létu ákærðu líta svo út að lánsamningurinn hefði verið til staðar við gerð og endurskoðun ársreikningsins og áritun samstæðureiknings Milestone fyrir árið 2006 þótt svo hafi ekki verið. Ákærðu skráðu ekki í endurskoðunarmöppuna að nýjum skjölum hefði verið bætt við og þar af leiðandi ekki hver gerði það. Með því að bæta í möppuna skjölum sem voru til þess fallin að vekja rangar hugmyndir um forsendur eignfærslu í ársreikningi Milestone fyrir árið 2006 og um endurskoðunarstörf endurskoðendanna sjálfra brutu ákærðu með alvarlegum hætti gegn góðum endurskoðunarvenjum eins og þær eru skilgreindar í framangreindum ISA stöðlum.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum og framburði ákærðu bættu þau, síðla árs 2009, inn í endurskoðunarmöppu Milestone vegna ársins 2007, nýjum skjölum sem nánar eru tilgreind í ákæru og bættu við skjal sem fyrir var í möppunni tilvísun í þessi nýju gögn. Eitt skjalanna var ljósrit af hreyfingarlista úr bókhaldi Milestone frá því um mitt ár 2008 en ákærða Hrafnhildur hafði með ljósritun afmáð færslur frá 2008, niðurstöðutölu og útprentunardagsetningu sem var á upphaflega skjalinu en ritað í staðinn á ljósritið dagsetninguna „5.2.2008“ og nýja niðurstöðutölu. Skjalinu fylgdi lánsamningur, dagsettur 30. desember 2006, sem fjallað er um hér að framan og annar lánsamningur milli Milestone og MIE, dagsettur 31. desember 2007, en aðeins undirritaður af hálfu fyrrnefnda aðilans. Einnig var bætt við skjalabunka er innihélt skjöl sem útbúin voru haustið 2009 eða nánar tiltekið vinnuskjal eða fundargerð þar sem fjallað er um lán til MIE miðað við árslok 2006 og vísað í mat stjórnenda Milestone og sams konar skjal, miðað við árslok 2007 þar sem fjallað var um lán til MIE, þ.e. framlengingu þess eldra og töku þess nýrra og vísað í mat stjórnenda Milestone. Öll þessi skjöl voru útbúin löngu eftir 14. febrúar 2008 þegar ársreikningur Milestone fyrir árið 2007 var gefinn út og áritaður af endurskoðendum, í þeim tilgangi annars vegar að láta líta svo út að eignfærsla krafna Milestone á hendur MIE í ársreikningi fyrir árin 2006 og 2007 hefði byggst á skjallægum gögnum og skjalfestu mati stjórnenda Milestone og hins vegar að láta líta svo út að endurskoðun þessara liða í ársreikningi hefði byggst á öðru en orðum

eigenda og stjórnenda Milestone. Ákærðu skráðu ekki þessar breytingar á endurskoðunarmöppunni og þar af leiðandi ekki hver framkvæmdi þær.

Ákærðu Sigurþór og Margrét báru ábyrgð á endurskoðun ársreikninga Milestone og stóðu ásamt ákærðu Hrafnhildi að breytingum og telst því vera um samverknað þeirra að ræða. Brot ákærðu voru sérstaklega alvarleg í ljósi þess að um var að ræða eignfærslu verulega hárra ótryggðra krafna á hendur tengdum aðila, langt yfir mikilvægismörkum og því sérstök ástæða til varfærni við endurskoðunarvinnuna.

Skrifstofa embættis sérstaks saksóknara samkvæmt lögum nr. 135/2008,

Reykjavík, 5. júlí 2013,

Arnþrúður Þórarinsdóttir

Arnþrúður Þórarinsdóttir, saksóknari

